



BA ritgerð

Sagnfræði

**Fóðrun og hagaganga aðkomufjár í
kvikfjartalinu 1703**

Ragnhildur Anna Kjartansdóttir

**Leiðbeinandi Guðmundur Jónsson
Febrúar 2020**



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

**Fóðrun og hagaganga aðkomufjár í
kvikfjártalinu 1703**

Ritgerð til B.A.-prófs

Ragnildur Anna Kjartansdóttir

Kt.: 270487-2899

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Febrúar 2020

Útdráttur

Kvikfjártalið 1703 veitir merkilegar upplýsingar um fóðrun og hagagöngu aðkomufjár. Í þessari ritgerð er þessi siður skoðaður og leitast við að svara hverjir áttu fénaðinn. Af hverju var búféð ekki fóðrað hjá eigendum þess? Og af hverju var það á þessum ákveðnu bæjum þar sem það var skráð í kvikfjartalínu? Til að svara þessum spurningum var skráning aðkomufjár í kvikfjartalínu sérstaklega skoðuð, útbreiðsla slíkrar fóðrunar, eigendur fjárins og ástæður sem kunna að hafa legið að baki. Upplýsingar um fóðrun aðkomufjár í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu og Miðfjarðarhreppi í Húnavatnssýslu eru sérstaklega skoðaðar. Mikill munur var á milli þessara hreppa. Aðeins 13,4% ábúanda í Seltjarnarneshreppi voru með aðkomufé í fóðri eða hagagöngu en 91,9% í Miðfjarðarhreppi. Ýmsar ástæður voru fyrir fóðruninni og má þá einkum nefna að hún var notuð sem laun vinnufólks sem voru borguð að hluta eða öllu leyti í þessu formi. Í Miðfjarðarhreppi var einnig áberandi fóðrun fyrir álögur og gjöld til jarðeigenda og presta.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Landshagir á Íslandi árið 1703	6
2.1	Jarðabókarstarfið	6
3	Kvikfjártalið 1703	8
3.1	Varðveisla og efni kvikfjártalsins.....	12
3.2	Gildi og takmarkanir.....	16
4	Fóðrun búfjár fyrir aðra	18
4.1	Útbreiðsla búfjárfóðrunar fyrir aðra	18
4.2	Fóðrun aðkomufjár í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu	20
4.3	Fóðrun aðkomufjár í Miðfjarðarhreppi í Húnavatnssýslu	23
5	Ástæður fyrir fóðrun fyrir aðra.....	27
5.1	Kvaðir	27
5.2	Landskuld	30
5.3	Kúgildaleigur	31
5.4	Heytollur/þingatollur	32
5.5	Laun	33
5.6	Aðrar ástæður	33
6	Niðurstöður.....	35
	Heimildaskrá.....	37
	Viðauki	39
	Fylgiskjal 1 – Dagsetning kvikfjártals 1703 eftir hreppum tekið saman af höfundi	39

Töfluskrá

Tafla 1. Samanburður á milli kvikfjártalsins og jarðabókarinnar í Seltjarnarneshreppi....	9
Tafla 2. Yfirlit yfir fóðrun og hagagöngu.....	19
Tafla 3. Hlutfall fódurskepna í Seltjarnarneshreppi í kvikfjártali.....	20
Tafla 4. Yfirlit yfir eigendur skepna í fódri/hagagöngu í Seltjarnarneshreppi.....	21
Tafla 5. Hlutfall fódurskepna í Miðfjarðarhreppi í kvikfjártali.....	23
Tafla 6. Yfirlit yfir eigendur skepna í fódri/hagagöngu í Miðfjarðarhreppi.....	24
Tafla 7. Býli með fódurkvaðir frá jarðeigendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.....	28
Tafla 8. Fjöldi landseta með heytoll í Reykholtisdalshreppi og Staðarhreppi.....	32
Tafla 9. Fóðrun í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.....	34

Myndritaskrá

Myndrit 1. Varðveisla kvikfjártalsins.....	13
--	----

1 Inngangur

Kvikfjártal var tekið samhliða manntali árið 1703 í mikilli rannsókn á landshögum á Íslandi sem Árni Magnússon og Páll Vídalín stóðu fyrir. Kvikfjártalið hefur að geyma ýmsar upplýsingar aðrar en upptalningu á skepnum og vakti sérstaka athygli mína allur sá fjöldi fódurpenings sem var á mörgum bæjum, þ.e. skepnur sem bændur tóku í fódrun eða hagagöngu fyrir aðra. Við fyrstu sýn taldi ég eigendur þeirra hljóta að vera einhvers konar yfirvald, þar sem þeir voru stundum titlaðir sýslumenn og prestar, og fódrunin væri borgun á gjöldum til þeirra. Sú hugmynd gekk ekki upp þegar ég sá sama kvenmannsnafnið koma upp aftur og aftur en sú kona hefur líklega verið jarðeigandinn. Þetta vakti upp margar spurningar eins og hverjir voru þessir einstaklingar sem áttu fódurféð? Af hverju var það ekki fódrað á býlum eigendanna? Og af hverju var það á þessum ákveðnu bæjum? Í þessari ritgerð reyni ég að svara þessum spurningum og glöggva mig á fyrirkomulagi og umfangi fódrunar árið 1703. Hér er athyglinni aðeins beint að fódrun og hagagöngu aðkomufjár en ekki leigukúgildum sem fylgdu mörgum leigujörðum.

Við erum svo heppin að eiga ríkulegar heimildir frá þessum tíma sem geta gefið okkur góða heildarmynd af búskaparháttum. Auk kvikfjártalsins var tekið manntal 1703 og á árunum 1702–1714 sömdu Árni Magnússon og Páll Vídalín jarðabók fyrir allt Ísland. Í rannsókn minni er notuð uppskrift af kvikfjártalinu sem unnin hefur verið á Þjóðskjalasafni Íslands en vert er einnig að nefna að nokkrir aðrir hafa gert rannsóknir á kvikfjártalinu. Haraldur Sigurðsson skrifaði lokaritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, Kvikfénaðartalið 1703 og bústofnsbreytingar í upphafi 18. aldar, þar sem hann veltir upp þeirri hugmynd að rannsókn á hagagöngu og fódrun á skepnum annarra en ábúenda gæti „gefið innsýn í samvinnu og samhjálpi milli bænda“.¹ Gunnar Örn Hannesson skrifaði einnig lokaritgerð við sama skóla, Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi, þar sem hann ræðir nokkuð um fódurskepnur. Gunnar Marel Hinriksson hefur skrifað tvær greinar þar sem kvikfjártalið kemur til skoðunar, „Kvikfjártalið 1703 í Árnessýslu“ í *Árnesingi*, og „Kópavogur í Seltjarnarneshreppi frá 1681 til 1729“ í *Ársriti Héraðsskjalasafns Kópavogs*.

Í þessari ritgerð er kannað hvernig kvikfjártalið varð til og hvaða upplýsingar það hefur að geyma. Grafist er fyrir um ástæður þess að bændur tóku annarra manna fé til fódrunar og hagagöngu og verða sérstaklega bornir saman tveir hreppar,

¹ *Lbs.-Hbs.* Haraldur Sigurðsson, Kvikfénaðartalið 1703, bls. 29.

Seltjarnarneshreppur í Gullbringusýslu og Miðfjarðarhreppur í Húnavatnssýslu. Ástæðan fyrir valinu á þessum hreppum er sú að ritgerðin er unnin í tengslum við rannsóknarverkefnið *Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins: Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar* undir stjórn Guðmundar Jónssonar, en í því eru þessir hreppir teknir til sérstakrar skoðunar í greiningu á kvikfjártalinu 1703.

2 Landshagir á Íslandi árið 1703

Til að skilja fyrrnefndar heimildir er mikilvægt að átta sig á því hvernig þær urðu til og hver tilgangur þeirra var. Síðasti áratugur sautjándu aldar einkenndist af hallæri og harðindum. Áratugurinn byrjaði með hörðum vetrum þar sem fiskveiðar gengu illa og margir bændur þurftu að slátra skepnum sínum til matar. Þetta leiddi til þess að margt fólk flosnaði upp, yfirgáfu bæina sína, fóru á flakk og sumir dóu úr hungri. Árið 1693 gaus Hekla svo það þurfti að gefa útigangsfé hey í Hrútafirði, Miðfirði og á norðanverðum Vestfjörðum. Næstu vetur á eftir voru frostamiklir þar sem menn og útigangsfé frusu í hel og hafís var fyrir norðan, austan og að Vestmannaeyjum. Árið 1695 komust kaupskip ekki í land vegna íss og grasbrestur varð á Suður- og Vesturlandi. Veturinn eftir var nefndur „hestabani“ en á sumum bæjum dóu allir hestar og sauðir. Í kjölfarið hraktist margt fólk frá búskap. Ástandið batnaði ekki næstu árin þar sem fólk og skepnur dóu úr hungri ásamt því að þjófnaður var mikill. Árið 1700 var ástandið orðið það slæmt að bæir voru fullir af flökkufólki svo að „margt fólk dó niður sem fje eða hross í haga af hungri og hor, og var þá etið margt óætið, hrafnar og hrossakjöt, sem þá þótti ódæði að eta, grútur, þang, fjörugrös, þönglar og hey yfir höfuð alt, er tönn á festi“. ² Veturinn fyrir skráningu kvikfjártalsins var víða harður og vorið „hart og kalt með næðingum og norðanvindum síeldum og gróðurleysi fram til fardaga, batnaði þá og gerði góða veðráttu með hægviðrum og þurrki, en grasvöxtur var lítill víðast“.³

Árferði hafði mikil áhrif á lífsviðurværi fólks á landinu. Ef fiskveiði var treg hafði þurrabúðarfólkið ekkert ofan í sig og ef heyjaði ekki nægilega vel eða veturinn var of harður til að útigangsféd gæti verið á beit þá var hætt við miklum skepnufelli í sveitunum. Þegar ástandið hafði varað ár eftir ár var mannfólkinu voðinn vís.

2.1 Jarðabókarstarfið

Á Alþingi árið 1700 var undirritað bænaskjal til konungs þar sem þess var óskað að annar lögmanna mætti á fund hans til að ræða ástand landsins. Konungur féllst á þessa málaleitan með bréfi 30. apríl 1701 og fór Lauridtz Gottrup lögmaður utan sama ár.⁴ Þetta leiddi til þess að Árni Magnússon og Páll Vídalín varalögmaður voru útnefndir til að gera

² Þorvaldur Thoroddsen, *Árferði á Íslandi í þúsund ár I*, bls. 101–113. Tilvitnun á bls. 112–113; Jón Espólín, *Íslands árbækur í sögu-formi VIII*, bls. 21, 24, 34–35, 40–41, 44, 49–50, 54, 59, 66.

³ Þorvaldur Thoroddsen, *Árferði á Íslandi í þúsund ár I*, bls. 116–117.

⁴ Már Jónsson, *Árni Magnússon ævisaga*, bls. 178–179; Páll Vídalín, *Aldarfarabók Páls lögmanns Vídalíns*, bls. 4, 7–8; *Lovsamling for Island I*, bls. 559.

úttekt á högum landsins og koma með tillögur til umbóta.⁵ Í leiðbeiningum til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 22. maí 1702 áttu þeir til að mynda að gera jarðabók, þar sem skrifað yrði um hvern bæ, manntal, taka á móti kvörtunum vegna embættismanna og umboðsmanna ásamt því að athuga hvort hækkun gjalda hefði verið sanngjörn.

Manntalið var skráð frá desember 1702 til miðs árs 1703 en ekki eru allar manntalsskýrslur dagsettar. Manntalið í heild var afhent Árna og Páli á Alþingi í júlí sama ár.⁶ Manntalsskýrslurnar bera það með sér að mismunandi aðferðir voru notaðar við að telja íbúana. Talningarmennirnir hafa í sumum tilfellum farið á milli bæja, í öðrum voru haldin manntalsþing, héraðsþing eða kirkjusamfundir. Sumir afhentu einnig bréf nágrannanna með lista yfir heimilisfólkið.⁷

Jarðabókin var skráð á árunum 1702–1714. Svipað fyrirkomulag hefur verið haft við skráningu hennar og manntalsins en Árni og Páll ferðuðust um landið við uppskriftirnar. Þeir sendu bréf til jarðeigenda 18. júlí 1702 þar sem þeir báðu um skriflegar jarðarskrár með upplýsingum um „dýrleika, landskuld og kúgildum, item hjáleigur og búðir, þar sem þær eru, með þeirra afgangnum, og við sérhvörja jörð specificerast láta, í hvaða aurum afgangin betalast, þar sem skileyrir tiltekinn er,“ ásamt öðru sem taldist mikilvægt.⁸ Ásamt því að fá upplýsingarnar skriflega til sín þá kölluðu þeir menn saman „til húsauppskriftar“.⁹ Jarðabókin hefur því miður ekki varðveist öll en skjölin yfir Múlasýslurnar og Skaftafellssýslurnar glötuðust í eldsvoða í Kaupmannahöfn 1728. Þrátt fyrir að verkinu hér á Íslandi hafi lokið árið 1714 þá kláraði Árni ekki að raða upp jarðabókinni og þýða yfir á dönsku áður en hann lést árið 1730. Aðrir hafa tekið við keflinu og var því lokið um miðja öldina. Sá fyrsti sem nýtti sér bæði manntalið og jarðabókina sem heimild var Skúli Magnússon þegar hann skrifaði jarðabók sína.¹⁰

⁵ Páll Vídalín, *Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalíns*, bls. 11–12.

⁶ Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, bls. 11–12; Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, bls. 66.

⁷ Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, bls. 59.

⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 11.

⁹ Páll Vídalín, *Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalíns*, bls. 14–15.

¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. vii.

3 Kvikfjártalið 1703

Í leiðbeiningunum til Árna og Páls var hvergi nefnd talning á kvikfénaði. Þeim voru þó gefnar nokkuð frjálssar hendur til að skoða „Alt hvad kan tjæne til landets tarv og opkomst samt de kgl. indkomsters forbedring“.¹¹ Uppkastið að leiðbeiningunum hafði verið mun ítarlegra en samkvæmt því höfðu þeir átt að taka saman tal yfir allt fé á landinu „saasom heste, fæl, kiør, qviler, faar og lam, sogen fra sogen, syssel effter andet“.¹² Þrátt fyrir að það kom ekki beinlínis fram í lokaútgáfu leiðbeininganna þá sendu þeir sýslumönnum bréf 21. október 1702 þess efnis að þeir ættu að fela hreppstjórum í sýslunni að skrifa upp:

allann þann qvikfienad, er a næstkomande vore 1703 a mote fardögum a jordunum lifande er, so vel hia hialeigu og husmonnum sem bændum edur ödrum jardanna abuendum. Skal i þessu qvikfiar registre first setiast bæar eda hialeigu nafned, þar næst abuandans, og so hvad hia sierhverium til er af kuum, qvigum, kalfum, gielldnautum med synum alldre, asaud og gielld fie med synum alldre, geitfie, þar það vera kann, hestum, hrossum, folum edur unghryssum aungu undann skildu. Hia sierhvoru skal setiast, hvad af þessu jardar innstæda er og hvad abuandans eign. Item þar sem so vid haga kann, hvad hier af til vetrar gaungu edur fódurs þar verid hefur, og hvadann. Hier til kunna hreppstiorar i vor fyrer fardaga i sveitunum samkomur ad hallda. Enn ydur tilseigest þa, so vel sem sialfa qvikfienadarins eignar menn, alvarliga ad aminna, ad þeir hier i aungvann yferdrepskap eda hirduleise sia late, helldur qvikfied so frammtelie og uppteikne, ad eckert, sem sagt er, undann fellest.¹³

Hver ástæðan var fyrir því að þeir ákváðu að láta gera kvikfjártal þrátt fyrir að það væri ekki í lokaútgáfunni er ekki augljós en nokkrar kenningar hafa komið fram. Gunnar Marel Hinriksson varpaði því fram að hugsanlega hafi hugmyndin um kvikfjártalið komið frá Árna Magnússyni en hann tók þátt í gerð uppkastsins. Þeir hafi ákveðið að láta telja kvikfénaðinn þar sem þeim bar „að gera hvað það sem yrði landinu og konungi til aukinnar hagsældar“.¹⁴ Gunnar Örn Hannesson nefndi þann möguleika að það hefði verið

¹¹ Arne Magnusson, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*, bls. 12–13.

¹² Sama heimild, bls. 16.

¹³ Sama heimild, bls. 52–53.

¹⁴ Gunnar Marel Hinriksson, „Kópavogur í Seltjarnarneshreppi frá 1681 til 1729“, bls. 278.

gert vegna þrýstings frá einhverjum nátengdum þeim Árna og Páli.¹⁵ Haraldur Sigurðsson hefur sett fram þá skýringu að kvikfjártalið hafi hugsanlega átt að flýta fyrir upplýsingaöflun fyrir jarðabókina. Bágar aðstæður í landinu eftir hallærin og minnkun bústofnsins hefði gert kvikfjártalið mikilvægt til að „kanna hversu aumt ástand þjóðarinnar var“.¹⁶

Fróðlegt er að skoða Seltjarnarneshrepp í Gullbringusýslu til að sjá hvort upplýsingar kvikfjártalsins hafi mögulega verið notaðar við skráningu jarðabókarinnar. Hreppurinn var skráður í jarðabókina í október 1703, aðeins fimm mánuðum á eftir kvikfjártalinu. Af þeim 67 landsetum sem skráðir voru með skepnur í kvikfjártalinu voru níu þeirra ekki í jarðabókinni. Eins og sést á töflu 1 þá hefur skráning skepna hjá hinum 58 verið borin saman við jarðabókina.

Tafla 1. Samanburður á milli kvikfjártalsins og jarðabókarinnar í Seltjarnarneshreppi.

	Sama tala*	Ekki sama tala	Landsetar ekki í jarðabókinni	Heildarfjöldi landseta
Fjöldi landseta	30	28	9	67

Skýring: * Sami fjöldi gripa með fráviki um einn grip.

Heimild: *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins, Gullbringu- og Kjósarhreppur – Seltjarnarneshreppur, bls. 51–60; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 229–284.

Það kom í ljós að aðeins hjá sjö bændum var skráningin nákvæmlega sú sama. Hjá 23 er lítil skekkja sem annað hvort er einstaka ær eða sauður eða er hægt að útskýra með því að kúgildið vantar eða skepnum hafi verið slátrað. Alls 28 landsetar eru með mun meiri skekkju.¹⁷ Þetta gefur til kynna að kvikfjártalið hafi ekki verið notað til að skrá skepnur í jarðabókina þó það sé ekki hægt að útiloka að það hafi verið ætlunin fyrst þegar ákvörðunin um gerð kvikfjártalsins var tekin. Tilgangurinn með kvikfjártalinu hefur líklega, eins og Haraldur nefndi, að mestu verið að skoða fjárhagsstöðu bænda. Sú staða

¹⁵ Gunnar Örn Hannesson, Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi, bls. 8; *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. liv.

¹⁶ Haraldur Sigurðsson, Kvikfénaðartalið 1703, bls. 10.

¹⁷ *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 51–60; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 229–284.

gat sagt til um hvernig komið var fyrir landinu vegna hallæranna en einnig til að skoða stöðu bænda gagnvart sköttum og gjöldum.

Hversu mikið bændur áttu af fé réð hversu mikið þeir borguðu í tíundir.¹⁸ Eins og Gunnar Örn Hannesson bendir á í ritgerð sinni, Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi, þá voru hreppstjórnarnir betur í stakk búnir en æðri valdsmenn til að sjá um þessa vinnu þar sem þeir vissu meira um efnahag bændanna í hreppnum.¹⁹ Enda voru það þeir sem innheimtu allajafna skattana, þar á meðal tíundir.²⁰ Það hefur hjálpað til með að fá réttar tölur í kvikfjártalið. Það er þó ekki óhugsandi og í raun er hægt að gera ráð fyrir því að upplýsingarnar séu ekki allar réttar út af þeirri ástæðu að þær hafa haft áhrif á þær upphæðir sem bændur og aðrir þurftu að greiða í skatta. Þegar dómsmál um tíundarsvik eru skoðuð í Dómabókagrunni Þjóðskjalasafns Íslands koma fram þónokkur dæmi sem gefa til kynna að eitthvað hafi verið um það að bændur vantöldu fé sitt, en klárt er að ekki hefur komist upp um alla. Þar eru t.d. mál vegna rangra, lágra eða ógoldinna tíunda.²¹ Í Þingeyjarsýslu árið 1703 var kvartað yfir því að ekki hefði verið borguð fátækra tíund í Skinnastaðahreppi í fimm ár og í Eyjafjarðarsýslu árið 1723 brýndi sýslumaðurinn fyrir mönnum að borga rétta tíund af fé sínu.²² Í bréfi Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um skráningu kvikfjártalsins frá 21. október 1702 brýna þeir fyrir bændum að telja rétt fram að viðlögðu straffi.²³ Það gefur til kynna að það hafi ekki verið óalgengt að menn kæmu sér undan skatti. Einnig þarf að hafa í huga, eins og Gunnar Örn bendir á varðandi skýrslugerðir á nítjándu öld, að „hirðuleysi, undandráttur og vanræksla í framtali“ gæti alltaf hafa átt sér stað.²⁴

Kvikfjártalið var skráð frá 16. maí til 4. júlí 1703 með undantekningum. Í Fylgiskjali 1, *Dagsetning kvikfjártals 1703 eftir hreppum*, má sjá að dagsetningar vantar í sumum hreppunum og stundum er aðeins ársins getið. Í Austur-Skaftafellssýslu var bréf frá Ísleifi Einarssyni sýslumanni dagsett 10. janúar 1703 en í því voru leiðbeiningar til hreppstjóranna um hvernig þeim bæri að skrá kvikfjártalið. Nokkrar undirskriftir þar á

¹⁸ *Lovsamling for Island I*, bls 12–16.

¹⁹ Gunnar Örn Hannesson, Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi, bls. 9.

²⁰ *Jónsbók*, bls. 146.

²¹ *Vef. Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands*, domabaekur.manntal.is -> ítarleg leit -> atriðisorð: Tíundarsvik.

²² *Vef. Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands*, domabaekur.manntal.is -> ítarleg leit -> atriðisorð: Tíundarsvik -> Þing. V.C.01 (1702-1707), 24.04.1703, bls. 17v–18r; domabaekur.manntal.is -> ítarleg leit -> atriðisorð: Tíundarsvik -> Eyj. IV. B.04 (1721-1725), 28.04.1723.

²³ Arne Magnusson, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*, bls. 53.

²⁴ Gunnar Örn Hannesson, Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi, bls. 9.

eftir voru einnig í janúar þess efnis að þeir hefðu lesið yfir bréfið. Yngsta dagsetningin var 8. maí 1704 á Möðruvallaklaustri í Eyjafjarðarsýslu.

Í flestum hreppum var aðeins ein dagsetning sem gefur okkur litla hugmynd um hversu langan tíma tók að skrá það. Í 26 tilvikum var sama dagsetningin í byrjun talningarinnar og í lokin þegar skrifað var undir sem gefur til kynna að það hafi verið skráð á einum degi, líklega á einhvers konar samkomu. Í kvikfjártalinu sjálfu eru nefndar almennar samkomur og hreppstjórasamfundir sem gætu hafa átt við þarna. Á þessum fundum gáfu bændur munnlegan vitnisburð í votta viðurvist um þau atriði sem ætlast var til að yrðu skráð. Í 20 hreppum voru mismunandi dagsetningar í byrjun og í lokin og í öðrum tíu voru þær fleiri en tvær. Þetta bendir til þess að kvikfjártalið hafi verið tekið saman á lengri tíma sem gæti hafa verið á nokkrum samkomum eða jafnvel að farið hafi verið á milli bæja í einhverjum tilvikum.²⁵ Sumar mismunandi dagsetningar er hægt að útskýra með bréfum eða sneplum þar sem skráningarmenn hafa fengið skriflegan vitnisburð frá bændum en átta slíka er hægt að finna uppskrifaða í kvikfjártalinu. Skráningin hefur því farið fram á svipaðan máta og sagt var frá um manntalið hér að framan.

Ekki er óhugsandi að vinna við kvikfjártalið hafi byrjað eitthvað fyrr en dagsetningarnar í Fylgiskjali 1 gefa til kynna. Eftir dæmunum hér að ofan hafa leiðbeiningarnar að einhverju leyti verið komnar til hreppstjóra í janúar. Bréf Árna og Páls sagði að talningin ætti að gerast að „vore 1703 a mote fardögum“ þ.e. fyrir fardaga þess árs. Fardagar byrjuðu í sjöundu viku sumars á milli 31. maí og 6. júní. Þetta var tíminn þegar bændur fluttu á milli bæja. Vert er einnig að nefna að fóðurfénað átti að skila 10. maí.²⁶ Þegar dagsetningarnar eru skoðaðar voru flestar skráningarnar í kringum fardaga. Þar sem í flestu hreppunum var aðeins um eina dagsetningu að ræða þá var hún líklega sú þegar skráningarmennirnir kvittuðu eftir skráninguna. Víða í kvikfjártalinu má finna það nefnt að eigandinn var ekki viss hvort ákveðnar skepnur voru lifandi, sem hafa þá líklega verið í útigangi en eins og kom fram í kafla eitt þá hafði veturinn og vorið verið

²⁵ Sem dæmi um almennar samkomur sjá *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Árnessýsla – Stokkseyrarhreppur*, bls. 31; *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Barðastrandarsýsla – Tálknafjarðarhreppur*, bls. 72. Sem dæmi um munnlegan vitnisburð sjá *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Barðastrandarsýsla – Selárdalur*, bls. 91; *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Svínavatnshreppur*, bls. 80. Sem dæmi um hreppstjóra samfundi sjá *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur*, bls. 8; *ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Ísafjarðarsýsla – Dýrafjarðarhreppur*, bls. 1. Sem dæmi þar sem mögulega var farið á milli bæja sjá *ÞÍ. Vinnuskjöl kvikfjártalsins 1703, Suður-Múlasýsla – Breiðdalur og Stöðvarfjörður*, bls. 70.

²⁶ Árni Björnsson, *Saga daganna*, bls. 65, 137.

hart með gróðurleysi.²⁷ Getur verið að sú talning sem kemur fram í flestum skráningunum sé áætluð eign miðað við fjölda eignarskepna um haustið 1702? Kvikfjártalið fyrir Snæfellsnessýslu, sem dagsetningarnar segja hafa verið tekið 7.–17. júní 1703, hefur þá sérstöðu að það gefur til kynna að þar hafi að einhverju leyti verið notast við fjártölur frá haustinu 1702. Sem dæmi er oft nefnt að skepna hafi verið „sette á j haust“, á einstaka bæjum var hluti dýranna eftir haustaldri og á öðrum eftir voraldri. Í þessari sýslu var einnig á flestum bæjum nefnt hvað hefði dáíð sem líklega hefði átt að draga frá upptalningunni á skepnunum.²⁸ Hægt er að ímynda sér að bændur hafi þar annað hvort talið upp það sem þeir höfðu átt af skepnum haustið 1702 ásamt upptalningu á þeim skepnum sem höfðu dáíð eða að seinni upplýsingarnar hafi verið teknar saman síðar. Þar sem hlutverk Árna og Páls var að skoða ástandið í landinu þá gæti tilgangur skráðra dauðra skepna verið að sýna hversu slæmt það var.

Sýslumenn hafa í einhverjum tilvikum ritskoðað skráninguna áður en hún var afhent Árna og Páli. Þetta er greinilegt í Austur-Skaftafellssýslu þar sem skráningin hefur alfarið verið samræmd enda skrifaði Ísleifur Einarsson sýslumaður að hann hefði „láted skýrara nidur rada og samanskriða“. Það er að vísu skýrara að ákveðnu leyti þ.e. uppsetningin er einföld og er hrein upptalning. En með þessum einfaldleika kemur hvergi fram hver ábúandi jarðarinnar er. Það hefur þau áhrif að ekki er alltaf ljóst hvort einstaklingarnir skráðir undir jarðirnar voru nokkrir ábúendur eða heimilisfólk.²⁹ Annað dæmi um ritskoðun sýslumanna var á Langadalsströnd í Ísafjarðarsýslu. Þar var sérstaklega tekið fram að um væri að ræða afrit af skráningunni því sýslumanninum þótti upprunalega kvikfjártalið ekki nægilega skilmerkilegt. Afritið hafði því ekki lýsingar á „peninga hrörlegt t(il) stand manna“ sem hafði verið í því upprunalega.³⁰

3.1 Varðveisla og efni kvikfjártalsins

Kvikfjártalið hefur ekki varðveist í heild sinni auk þess sem hugsanlegt er að það hafi ekki verið tekið í einhverjum hreppum. Árið 1703 voru á landinu 23 sýslur og 163 hreppar og af þeim hafa varðveist kvikfjártöl úr 102 hreppum. Eins og kemur fram á myndriti 1 þá hafa varðveist kvikfjártöl úr öllum hreppum í Barðastrandarsýslu, Húnavatnssýslu, Þingeyjarsýslu, Múlasýslunum, Skaftafellssýslunum og Vestmannaeyjum. Engar skýrslur

²⁷ Þorvaldur Thoroddsen, *Árferði á Íslandi í þúsund ár I*, bls. 116–117.


²⁸ Sem dæmi um bæði „sette á j haust“ og dauð dýr sjá *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Snæfellsnessýsla – Staðarsveit, bls. 2, 5, 8, 32–33, 35–36.

²⁹ *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Austur-Skaftafellssýsla, bls. 77–78.

³⁰ *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Ísafjarðarsýsla - Langadalsströnd, bls. 4.

hafa varðveist úr Hnappadalssýslu og úr Eyjafjarðarsýslu er aðeins til kvikfjártal frá Möðruvallaklaustri. Í öðrum sýslum hefur varðveislan verið mjög misjöfn, allt frá einum hreppi upp í alla hreppi nema einn.³¹

Myndrit 1. Varðveisla kvikfjártalsins.



Heimild: *Lbs.-Hbs.* Gunnar Örn Hannesson, *Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi*, bls. 11.

Hér á eftir er greint frá efnisþáttum kvikfjártalsins og hvernig staðið var að skráningu þess. Upplýsingarnar sem koma fram í sýslunum og jafnvel í hverjum hreppi fyrir sig eru mjög mismunandi, allt frá því að vera einungis upptalning á skepnum yfir í nákvæma lýsingu á ásigkomulagi þeirra, skuldum og öðru sem gefur okkur innsýn í stöðu bændanna. Bréf Árna og Páls til sýslumanna skilgreindi nákvæmlega hvað átti að

³¹ Gunnar Örn Hannesson, *Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi*, bls. 11.

koma fram í kvikfjártalinu. Fyrst átti að koma *bæjarnafnið* hvort heldur á lögbýli eða hjáleigum ásamt *nafni ábúandans*.³² Haldið var við þetta fyrirkomulag að mestu leyti en undantekningar voru í Borgarhreppi í Mýrasýslu og í Austur-Skaftafellssýslu. Þar var ekki augljóst hverjir voru ábúendur og hverjir heimilisfólk.³³

Í öðru lagi átti að skrá *skepnurnar* og *aldur* þeirra. Aldurinn var ekki alls staðar tekinn fram og ekki var alltaf ljóst hvernig dýrin voru skilgreind. Gimbrar komu ekki oft fram í kvikfjártalinu, stundum var skráð að þær væru taldar með veturgömlum sauðum en á flestum stöðum voru þær hvergi nefndar. Það er þó ólíklegt að þær hafi verið svona fáar og væntanlega hafa þær á flestum stöðum verið skráðar með sauðunum. Lömb voru heldur ekki nefnd á mörgum stöðum en ærnar stundum sagðar lamblaugar, lambsgotur eða geldar.³⁴ Aðeins í sjö hreppum í Þingeyjarsýslu voru listar með skilgreiningum á skepnunum eftir aldri.³⁵ Í þriðja lagi átti að taka fram hverjar af skepnunum voru *jarðarinnistæða* og hvað *ábúandans eign*.³⁶ Þetta atriði var þó ekki alltaf skýrt. Innstæðan var ekki alltaf nefnd og því ekki alltaf klárt hvort þeir bæir voru innstæðulausir eða hvort sleppt hefði verið að tilgreina hana sérstaklega. Einnig var ekki alltaf sagt í hvaða skepnunum innstæðan var og því ekki augljóst hvort þau voru hluti af upptalningunni.

Að lokum átti að taka fram hvaða skepnur væru í *vetrargöngu* eða *fóðri* frá öðrum og *hvaðan* þær komu. Stundum voru taldar upp skepnur sem eftir uppskriftinni litu ekki út fyrir að vera í eigu ábúandans en höfðu engan skráðan eiganda. Einstaka sinnum var ekki augljóst hvort þær voru í eign ábúandans eða ekki. En í mörgum tilfellum eru þessar upplýsingar skilmerkilegar þar sem bær eða eigandi var skráður með þeim dýrum sem voru í fóðri eða á beit hjá ábúandanum. Einnig voru nokkrir hreppir sem nefndu þær skepnur sem ábúandinn hafði hjá öðrum sem gat leitt til þess að dýrin voru tvítalin. Aðeins í Austur-Skaftafellssýslu var sá varnagli þó settur fram.³⁷

Í flestum hreppum komu fram einhverjar *viðbótarupplýsingar* þótt það væri á aðeins stöku bæjum. En í mörgum þeirra var býsn af upplýsingum og greinilegt að hreppstjórnir og/eða bændurnir hafa nýtt sér kvikfjártalið til að lýsa slæmu ásigkomulagi dýranna og slæmu viðurværi þeirra vegna skulda, heyleysis og harðinda. Í

³² Arne Magnusson, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*, bls. 52–53.

³³ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Mýrasýsla – Borgarhreppur, bls. 42; ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Austur-Skaftafellssýsla.

³⁴ Sem dæmi: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Miðhluti Múlasýslu – Seyðisfjarðarhreppur, bls. 75; ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Suður-Múlasýsla – Fáskrúðsfjarðarhreppur, bls. 48.

³⁵ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Þingeyjarsýsla – Grýtubakkahreppur, Fnjóskadalshreppur, Reykjadalshreppur, Skútustaðahreppur, Húsavíkurhreppur, Árlækjarhreppur og Langaneshreppur.

³⁶ Arne Magnusson, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*, bls. 53.

³⁷ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Austur-Skaftafellssýsla, bls. 78.

Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu voru einnig lýsingar á landsnyttjum jarðanna, þó ekki allra vegna „pappírs leise“, þá helst hversu slæmar þær voru og hversu mikið gat fóðrast af jörðunum en „vid flestum stöðum þar að fornu lær hafa forsorgast 4 kæijr og þar mes á saudur fæst næu ej fyrer tuær“.³⁸ Á mörgum öðrum stöðum skráðu þeir sem undirskrifuðu kvikfjártalið í lokin hversu illa á sig komið féð var. Oft var það hrörlegt, lasið, magurt og vonarpeningur sem var ekki víst hvort myndi lifa af eða gera nokkurt gagn vegna þeirra harðinda sem höfðu verið árunum á undan.³⁹ Mest var af lýsingum á ásigkomulagi skepnanna og eru þau lýsingarorð of mörg til að telja upp en hér koma nokkur dæmi: afnám, aflóg, hölt, fótbrotin, milk, sjónlaus, eineyg, tannlaus, tungulaus, vönkað, þríspena, tvíspena, handreisa, reisa, tryllt og biluð. Þarna voru kýr sem sugu sjálfa sig, sauðir með höfuðsótt, kýr geld vegna heyleysis og ullarlaust eða ullarlítið fé þar sem voru „leppar á savmader“.⁴⁰

Víða voru skuldir ábúandanna skráðar. Samkvæmt bréfi Árna og Páls átti ekki að geta skulda í kvikfjártalinu en í sama bréfi var þó beðið um manntalsbækur þrjú ár aftur í tímann þar sem átti að koma fram skuldir og gjöld bænda ásamt í hverju það var borgað. Í kvikfjártalinu fyrir Sauðárhrepp í Skagafjarðarsýslu var skrifað: „Enn sökum þess að oss er eij skickad skullda að gieta, kunnum vær þær ecke j þetta skrif jnn að færa“.⁴¹ Aftur á móti er í niðurlagi nokkurra skýrslna nefnt að hreppsmenn væru mjög skuldugir. Í Reynisnesstaðarhreppi í Skagafjarðarsýslu var það tekið fram að „Enn þvíj höfum vær skulldanna gieted að þess auðvelldegar síást mætte hvad að þeim afreijknudum leiglendijngana eign vera kunne“.⁴² Skuldirnar hafa verið teknar fram, þar sem þær voru skráðar, til að sýna betur eignastöðu ábúandanna því hún var í raun mun minni ef allar skuldirnar voru dregnar frá. Sem dæmi um þetta var á allnokkrum bæjum í Skriðdal í Suður-Múlasýslu tekið fram að féð sem var skráð á ábúandann var hans eign „so leingi það greider ei j skulder“, þ.e. hans skuldir voru jafn miklar eða meiri en verðmæti skepnanna á bænum.⁴³

³⁸ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Þingeyjarsýsla – Presthólahreppur, bls. 252.

³⁹ Sem dæmi sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Snæfellsnessýsla – Breiðvíkursveit, bls. 60; ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Barðastrandarsýsla – Tálknafjarðarhreppur, bls. 80.

⁴⁰ Sem dæmi um kýr sem sugu sig og ullarlítið fé sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Barðastrandarsýsla – Rauðasandshreppur, bls. 63. Sem dæmi um geldingu vegna heyleysis sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Snæfellsnessýsla – Breiðvíkursveit, bls. 46. Sem dæmi um sauði með höfuðsótt sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Ísafjarðarsýsla – Dýrafjarðarhreppur, bls. 7.

⁴¹ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Skagafjarðarsýsla – Sauðárhreppur, bls. 26.

⁴² ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Skagafjarðarsýsla – Reynisnesstaðarhreppur, bls. 54. Fleiri dæmi um niðurlög um skuldir ábúenda sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins, Borgarfjarðarsýsla – Ásasveit, bls. 49; ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Vestur-Skaftafellssýsla – Kleifarhreppur, bls. 16.

⁴³ Sem dæmi sjá ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Suður-Múlasýsla – Skriðdalur, bls. 21–22.

Stundum var tekið fram hvernig skepnurnar voru fóðraðar og hversu lengi. Algengast var að nautpeningur væri á heyi, sauðfénaður á heyi og útigöngu og hestar á útigöngu. Þetta var þó ekki algilt og gat fóðrunin í raun verið allavega en líklega hafði hallærið mikið um það að segja. Fénu gat einnig verið gefið sina, þari, þang, lyng, taða, viður, börkur, söl, kjarni, hrís og jafnvel skógarviðarlím.⁴⁴

Fleiri upplýsingar er að finna í kvikfjártalinu sem verður ekki farið sérstaklega í hér og má þar nefna sem dæmi einstaka flutninga, uppflosnaða bændur ásamt skrá yfir ómaga og utansveitarfólk í nokkrum hreppum.⁴⁵

3.2 Gildi og takmarkanir

Kvikfjártalið veitir okkur miklar upplýsingar um hagi bænda árið 1703. Jafnframt gefur það til kynna hvaða upplýsingar hreppstjórunum og sýslumönnum þóttu mikilvægar því þeir ýmist vanskráðu sum atriði sem mælt var um eða bættu við upplýsingum sem ekki var ætlast til að væru skráðar. Ef hver sýsla eða hreppur er skoðaður á sínum eigin forsendum getur það gefið okkur misgóða en einfalda mynd af samfélaginu, stöðu einstaklinga og tenginga á milli fólks.

Í flestum hreppum er skráning skepnanna nokkuð góð. Þar sem ítarleg skráning á aldri og ásigkomulagi skepnanna kemur fyrir er hægt að setja upp góða mynd af verðmæti búsins. Í einstaka hreppum er einnig ítarleg skráning skulda sem gefur okkur betri heildarmynd af ráðstöfunartekjum bændanna. Helstu gallarnir eru hversu óljóst oft á tíðum það er hvort kúgildin voru hluti af upptalningu skepnanna ásamt því að skepnurnar voru oft ekki nákvæmlega skilgreindar.

Eins og nefnt var fyrir ofan þá er greinilegt að Austur-Skaftafellssýsla og Langadalsströnd í Ísafjarðarsýslu voru ritskoðaðar áður en þær voru afhentar Árna og Páli. Ekki er ólíklegt að aðrar sýslur hafi að einhverju leyti verið ritskoðaðar líka og hefur það haft töluverð áhrif á það hvaða upplýsingar við höfum í dag. Austur-Skaftafellssýsla hefur t.d. verið tekin alveg niður að beini og engar upplýsingar sem voru ekki nauðsynlegar fengu að fylgja með. Kvikfjártalið gefur okkur í raun aðeins mjög takmarkaða sýn á samfélagið yfir mjög takmarkaðan tíma. Meiningin í textanum er ekki alltaf skýr. Textinn gefur ákveðnar vísbendingar en er ekki nægilega tæmandi og

⁴⁴ Sem dæmi sjá *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Miðhluti Múlasýslu – Seyðisfjarðarhreppur, bls. 75; *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Árnessýsla – Árlækjarhreppur, bls. 243; *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Grindavíkurhreppur, bls. 15.

⁴⁵ Sem dæmi sjá *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Ísafjarðarsýsla – Langadalsströnd, bls. 33–34, 36; *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Kjósarhreppur, bls. 97–98.

nákvæmur til að hægt sé að taka afdráttalausar ályktanir. Textinn er skráður inn í samhengi sem í dag er að hluta glatað og gerir ráð fyrir ákveðinni vitneskju sem við munum ekki endilega geta fengið.

4 Fóðrun búfjár fyrir aðra

Fóðrun fyrir aðra var útbreidd og hana var að finna um allt land. Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku sérstaklega fram í bréfi sínu 21. október 1702 að fé í vetrargöngu og fóðri frá öðrum á hverjum bæ ætti að vera talið og skráð hvaðan það kæmi.⁴⁶ Þetta bendir til þess að fóðrun fyrir aðra hafi verið algeng á þessum tíma. Heyið var eitt það dýrmætasta sem bændur áttu og skipti gríðarlega miklu máli í lífshringrásinni. Ef heyið kláraðist og beitn nægði ekki þá drápuð skepnurnar. Skepnurnar héldu bændunum uppi með næringu og ef þær fóru leið ekki langur tími þar til bændurnir höfðu ekkert fæði fyrir sjálfa sig og fjölskylduna. Það að taka að sér aðkomufé til að fóðra eða hafa í haga var því ekki léttvægt og gat haft áhrif á eignarskepnur bændanna. Þeir höfðu þó yfirleitt ekki um neitt annað að velja en að taka við skepnunum þar sem það var oft hluti af leigusamningi á jörðunum eða gjöld til presta.

Hér er fyrst skoðað útbreiðslu búfjárfóðrunar með upplýsingum úr Barðastrandar- og Borgarfjarðarsýslu. Næst eru skoðuð öll tilvik þar sem skepnur annarra en ábúandans voru skráðar í fóðri eða hagagöngu í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu og Miðfjarðarhreppi í Húnavatnssýslu í kvikfjártalinu. Tilgangurinn er að komast að því hverjir það voru sem áttu féð og hvort hægt sé að álykta um ástæður fóðrunar og hagagöngu. Kvikfjártalið gefur í flestum tilvikum ekki upp ástæður fyrir aðkomufé hjá ábúendunum. Þar af leiðandi eru upplýsingarnar úr kvikfjártalinu bornar saman við jarðabókina en í henni er að finna upplýsingar um eigendur jarðanna, fóðurkvaðir og hvernig landskuldir voru greiddar. Í fyrsta lagi er skoðað hlutfall ábúenda með aðkomufé ásamt hlutfalli þess og búfénaðar ábúandanna. Í öðru lagi er tekið fyrir allt aðkomufé, fyrir utan kúgildin, sem skráð var í kvikfjártalið í hreppunum og reynt að greina hvaða ástæður liggja á bak við veru þeirra hjá ábúandanum. Við þessa greiningu er notast við upplýsingar sem koma fram í kvikfjártalinu og í jarðabókinni.

4.1 Útbreiðsla búfjárfóðrunar fyrir aðra

Til að gefa okkur hugmynd um útbreiðsluna eru teknar saman upplýsingar í töflu 2 um fjölda þeirra ábúenda sem höfðu fé í fóðrun fyrir aðra í tveimur sýslum, Borgarfjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Hér eru þó ekki talin með leigukúgildi sem oft fylgdu jörðum né aðrar skepnur í leigu eða láni.

⁴⁶ Arne Magnusson, *Embedskrivelser og andre offentlige aktstykker*, bls. 53.

Í Borgarfjarðarsýslu voru 167 ábúendur í heildina og voru 90 þeirra með skepnur annarra í fóðri eða hagagöngu. Þetta þýðir að 53,9% landseta í Borgarfjarðarsýslu voru með skepnur í fóðri eða hagagöngu fyrir aðra. Rúmlega tvöfalt fleiri landsetar voru í Barðastrandarsýslu eða 356 talsins. Af þeim voru 145 með skepnur í fóðri og hagagöngu eða 40,7%. Þegar hrepparnir eru skoðaðir verða tölurnar jafnvel áhugaverðari því hlutfallið er mjög breytilegt innan hvorrar sýslu um sig. Sem dæmi þá voru 15,4% landseta í Skorradalshreppi með skepnur annarra í fóðri en í Reykholtisdalshreppi var hlutfallið 91,7%. Skýringin á þessum breytileika á milli hreppa er óljós en hefur líklega með eðli hreppanna að gera.

Tafla 2. Yfirlit yfir fóðrun og hagagöngu.

Sýsla	Hreppur	Fjöldi landseta	Með fé fóðri/hagagöngu	Hlutfall
Borgarfjarðarsýsla	Skilmannahreppur	23	9	39,1%
	Skorradalshreppur	26	4	15,4%
	Andakílshreppur	36	24	66,7%
	Syðri-Reykjadalshreppur	26	6	23,1%
	Reykholtisdalshreppur	36	33	91,7%
	Ásasveit	20	14	70,0%
	Samtals	167	90	53,9%
Barðastrandarsýsla	Geiradalshreppur	14	9	64,3%
	Reykhólahreppur	33	24	72,7%
	Gufudalshreppur	21	7	33,3%
	Eyjahreppur	36	10	27,8%
	Múlahreppur	18	13	72,2%
	Barðastrandarhreppur	49	12	24,5%
	Rauðasandshreppur	53	17	32,1%
	Patreksfjörður	20	7	35,0%
	Tálknafjarðarhreppur	45	13	28,9%
	Selárdalur	40	15	37,5%
	Suðurfjarðarsveit	27	18	66,7%
	Samtals	356	145	40,7%

Heimild: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Barðastrandarsýsla og Borgarfjarðarsýsla.

4.2 Fóðrun aðkomufjár í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu

Kvikfjártalið í Seltjarnarneshreppi var skráð 30. maí 1703 en jarðabókin er skráð á tímabilinu 23. til 31. október sama ár. Þar sem stuttur tími leið á milli þessara skráninga er hentugt að bera þær saman. Byggð ný jarða hafði breyst á milli heimildanna en það hefur ekki teljandi áhrif hér.

67 ábúendur voru í Seltjarnarneshreppi í kvikfjártalinu og voru níu þeirra með aðkomufé eða 13,4%.⁴⁷ Í töflu 3 er sýnt hve aðkomufé var hátt hlutfall af búfjárfjölda í heild. Kemur í ljós að það var aðeins 2,4% af heildinni sem er lágt hlutfall og skýrist sennilega af því að búskapur í Seltjarnarneshreppi var ekki eins stór þáttur í atvinnulífi íbúanna eins og í sveitum.

Tafla 3. Hlutfall fóðurskepna í Seltjarnarneshreppi í kvikfjártali.

	Nautpeningur	Hlutfall	Sauðfé	Hlutfall	Hestar	Hlutfall	Í heildina
Eign ábúandans	194,5	72,0%	509	96,8%	118	97,5%	89,6%
Kúgildi	73,5	27,2%	0	0,0%	0	0,0%	8,0%
Í fóðri/hagagöngu	2	0,7%	17	3,2%	3	2,5%	2,4%
Samtals:	270	100%	526	100%	121	100%	100%

Heimild: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 51–60.

Tólf einstaklingar áttu þessar 22 skepnur sem voru í fóðri eða hagagöngu í hreppnum og er yfirlit yfir þá í töflu 4. Þar af voru tvö uppkomin börn Jóns Eyjólfssonar sýslumanns á Seltjarnarnesi. Dóttir hans var 19 ára en sonurinn 33 ára prestur. Bæði voru skráð á heimili föður síns í manntalinu 1703. Presturinn átti þar hest sem var í fóðri sem bendir til þess að um reiðhest var að ræða, mögulega notaður til erindisgjörða.⁴⁸ Hugsanlega var hesturinn fóðraður á heytolli eða presturinn sjálfur borgaði fyrir fóðrið með gjaldi eða vinnu. Sá möguleiki gæti einnig verið að þau hafi bæði verið undir góðlæti föður þeirra.

⁴⁷ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 51–60.

⁴⁸ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla - Seltjarnarneshreppur, bls. 51; *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 22.

Tafla 4. Yfirlit yfir eigendur skepna í fóðri/hagagöngu í Seltjarnarneshreppi.

Eigendur	Fjöldi eigenda	Fjöldi ábúenda	Nautpeningur	Sauðfé	Hestar
Börn ábúanda	2	1		4	1
Vinnufólk	6	6	2	7	
Páll Oddsson		1			1
Klemens Jónsson lausamaður		1		4	
Bjarni Pétursson lausamaður		1		2	
Þorgerður Bjarnadóttir ekkja		1			1

Heimild: *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 51–60.

Sex vinnuhjú hjá jafnmörgum ábúendum áttu skepnur. Flest þeirra áttu á eða sauð sem hefðu líklega verið í hagagöngu en vinnumaður á Litla-Skildinganesi og vinnukona á Vatnsenda áttu sitthvora kúna.⁴⁹ Kýrnar hefðu þurft á fóðri að halda og hefur það verið hluti af launum hjúanna eða hugsanlega hafa húsbændurnir tekið þær á leigu.⁵⁰ Áhugavert er að skoða hvernig kýr í eigu vinnufólks gátu haft áhrif á fóðurgetu jarðanna og búskap ábúenda. Sem dæmi má nefna voru tveir ábúendur á Litla-Skildinganesi með samtals fjórar kýr, þar á meðal kú eins vinnumannsins, ásamt öðrum skepnum á jörðinni. Samkvæmt viðmiði Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gátu aðeins þrjár kýr fóðrast á jörðinni.⁵¹ Það sama er hægt að greina á Vatnsenda. Þar voru of margar fóðurskepnur og líklegast hefur þurft að kaupa hey annars staðar frá. Þetta vekur upp þá spurningu hvort vinnufólk sem átti kýr hafi mögulega átt erfitt með að fá vistarpláss.

Tveir lausamenn, Bjarni Pétursson á Laugarnesi og Klemens Jónsson á Arnarhóli, áttu sauðfé í hreppnum. Þeir voru báðir skráðir á þessum bæjum í manntalinu. Þar var Bjarni reyndar titlaður vinnuhjú og í jarðabókinni var Klemens sagður húsmáður. Ekki tókst að tengja þá við ábúendur jarðanna en líklega hafa þeir unnið sér inn fóður fyrir skepnurnar sínar áður en þeir fóru annað í kaupavinnu. Ekkjan Þorgerður Bjarnadóttir var skráð á Arnarhól með hest en eins og lausamennirnir hefur hún líklega unnið fyrir fóðri

⁴⁹ *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 52–54, 57–59.

⁵⁰ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 35; *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Mosfellssveit, bls. 71.

⁵¹ *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 59; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 233.

eða hagagöngu.⁵² Þá var Páll Oddsson skráður með hest á Seltjarnarnesi. Líklega er um að ræða bróðurson ábúandans, Jóns Eyjólfssonar sýslumanns, sem var í skóla í Skálholti á þessum tíma.⁵³ Ættartengslin voru því líklega ástæðan fyrir veru hestsins á Seltjarnarnesi.

Ekkjan Þorgerður Bjarnadóttir, Jón Eyjólfsson sýslumaður og tveir aðrir ábúendur áttu skepnur annars staðar sem voru þó skráðar undir þeim í kvikfjártalinu. Þetta voru hestar og ein kýr sem voru sögð staðsettar í Kjós, í Mosfellssveit og fyrir austan. Ekki var hægt að finna þessar skepnur á þessum stöðum fyrir utan hluta af skepnum Jóns. Á minnsta kosti fjórum bæjum í Vestur-Skaftafellssýslu fannst fé í fóðri eða hagagöngu merkt Jóni. Mest var það nautpeningur en líka ær ásamt ungum hesti á Dal í Kleifahreppi.⁵⁴ Engar upplýsingar eru um af hverju þessar skepnur voru í burtu frá eigendum sínum. Ein tilgáta er að ekkjan Þorgerður sem staðsett var á Arnarhóli hafi komið kúnni sinni í fóður í Mosfellssveit þar sem hún hafði ekki burði til að fódra hana sjálf.

Í hreppnum voru fimm jarðir með lambsfóðurskvaðir frá jarðeigendum. Þær voru allt frá einu til þriggja lambsfóðra á hverjum stað, jafnvel stundum ekkert á Hólmi.⁵⁵ Ekkert lamb var skráð á þessa bæi í kvikfjártalinu eða nokkra aðra bæi í hreppnum. Hugsanlega hefur þeim verið sleppt í talningunni eða þeim hafi verið skilað. Einnig gæti verið að kvöðin hafi ekki verið kölluð en ábúandinn hefði þó þurft að gera ráð fyrir þeim möguleika að taka við lambi.

Aðeins eitt eiginlegt ítak var skráð í hreppnum í jarðabókinni en það var á Arnarhóli sem hafði beitarítak í Viðey. Það hafði þó ekki verið notað í þrjú ár. Ábúandinn í Hlíðarhúsi hafði aftur á móti fría útihaga í Reykjavíkurlandi og Bústaðir þáðu beit frá nágrönnum sínum vegna þrengsla á úthögum. Fyrirkomulagið er ekki útskýrt frekar en líklega hafa þeir borgað fyrir beitina. Þetta fyrirkomulag endurspeglar ekki í kvikfjártalinu.⁵⁶

⁵² Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 55–56; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 269; *Manntal á Íslandi 1703*, bls. 25–26.

⁵³ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Seltjarnarneshreppur, bls. 51; *Manntal á Íslandi*, bls. 543; *Vef. Íslendingabók*, islandingabok.is -> Páll Oddsson 1684–1718 -> faðir hans Oddur „yngri“ Eyjólfsson“ 1651–1732 -> bróðir hans Jón „yngri“ Eyjólfsson 1642–1716.

⁵⁴ Unnið upp úr kvikfjártalsgögnum úr verkefninu *Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins*. Þetta vekur upp spurningar um tvítalningu í kvikfjártalinu. Af hverju nefndi hann bara hesta á öðrum stöðum? Eru hinar skepnurnar meðtaldar í upptalningunni á Seltjarnarnesi eða sleppti hann alfarið að nefna þær?

⁵⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 275–277, 281, 283.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 260, 268, 276.

Á langflestum býlum var landskuldin í jarðabókinni borguð að fullu eða að hluta með fiski. Þetta átti einnig við um kúgildin sem voru allajafna borguð með fiski eða smjöri. Fiskurinn hefur því verið ein af aðalvörum ábúendanna sem getur útskýrt af hverju svo lítið var um aðkomufé í fódri eða hagagöngu. Meiri áhersla var á sjómennsku en landbúnað. Ekkert aðkomufé fannst í kvikfjártalinu í eigu jarðeiganda né heytollar presta. Algengasta aðkomuféð í fódri hér voru skepnur vinnufólksins en aðeins fannst eitt ættartengsl fyrir utan kjarnafjölskylduna.

4.3 Fóðrun aðkomufjár í Miðfjarðarhreppi í Húnavatnssýslu

Kvikfjártalið í Miðfjarðarhreppi var skráð 6. júní 1703 en jarðabókin er skráð á tímabilinu á milli 12. og 25. október 1705. Það voru því tvö ár og fjórir mánuðir á milli skráninganna sem gerir samanburðinn varhugaverðari en í Seltjarnarneshreppi. Byggð hafði þó aðeins breyst á níu jörðum eða jafnmörgum og í Seltjarnarneshreppi.

Í hreppnum voru 62 ábúendur en 57 þeirra eða 91,9% voru með aðkomufé í fódri eða hagagöngu samkvæmt kvikfjártalinu. Í töflu 5 kemur fram að aðkomuféð var 9,7% af heildarfénu eða 392 skepnur í eigu 81 einstaklings. Óljóst er um eignarhald fjögurra kinda.

Tafla 5. Hlutfall fódurskepna í Miðfjarðarhreppi í kvikfjártali.

	Nautpeningur	Hlutfall	Sauðfé	Hlutfall	Hestar	Hlutfall	Í heildina
Eign ábúandans	209,5	63,8%	2409	69,6%	208	86,3%	70,1%
Kúgildi	111	33,8%	701	20,3%	0	0,0%	20,1%
Í fódri/hagagöngu	8	2,4%	351	10,1%	33	13,7%	9,7%
Samtals:	328,5	100%	3461	100%	241	100%	100%

Heimild: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 8–22.

Í töflu 6 er yfirlit yfir alla eigendurna. Hjá sex ábúendum áttu átta börn þeirra, á aldrinum 18–33 ára, kindur og hesta. Líklega hafa þau unnið sér inn fóður fyrir skepnum.⁵⁷ Tíu aðrir einstaklingar voru skyldir ábúendunum á einhvern hátt, til að mynda sem foreldrar og systkini. Flest þeirra áttu ær, sauði og hesta sem gat verið í þó

⁵⁷ *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 248–251.

nokkru magni. Mest áberandi þeirra var Eiríkur Jónsson sem bjó hjá Þuríði dóttur sinni á Þóroddstöðum í Staðarhreppi og manni hennar Stígi Þorvarðarsyni. Hann var faðir Jóns á Þverá hjáleigu, Teits á Efri-Núpi og Jóns á Heggstöðum.⁵⁸ Hann var með kúgildi á öllum þessum jörðum og ásamt Stígi var með fé á samtals fimm jörðum sem voru allar annað hvort í eigu Stígs, Þuríðar eða í eigu eða umboði sona hans.⁵⁹ Hann hefur greinilega nýtt

Tafla 6. Yfirlit yfir eigendur skepna í fóðri/hagagöngu í Miðfjarðarhreppi.

Eigendur	Fjöldi eigenda	Fjöldi jarða	Naut-peningur	Sauðfé	Hestar
Börn ábúanda	8	6		71	9
Önnur fjölskyldutengsl	10	9	5	65	8
Vinnufólk	29	22		73	3
Prestar	2	36	1	64	
Húsfólk	2	2		22	
Jarðareigandi/umboðsmaður	6	8	1	19	4
Aðrir eigendur innan hreppsins:					
Jón Gunnlaugsson á Neðri-Torfustöðum		4	1	4	
Ingjaldur Sigurðsson, fátækur og veikur		2		1	1
Sigurður á Urriðaá		1		1	
Ólafur Guðmundsson á Bjargi		1		1	
Guðmundur Hálfðánarson á Fitjum		1		1	
Einar Bjarnason, hreppstjóri á Bjargi		1		2	
Vilhjálmur Ólafsson á Bjargi		1		2	
Björn Sveinsson á Barkastöðum		1		5	
Guðmundur Sigurðsson á Spena		1		2	
Engilráð Jónsdóttir á Efri-Núp		1		1	
Litla-Tunga		1		1	
Þverá		1		1	
Efri-Núpur		1		1	
Speni		3		3	
Aðrir eigendur utan hreppsins	8	7		7	5
Aðrir eigendur sem voru ekki staðsettir	2	2			3
Fé sem var óljóst hver átti				4	
		Samtals:	8	351	33

Heimild: *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 8–22; *Manntal á Íslandi*, bls. 248–251.

⁵⁸ *Vef*. Íslendingabók, íslendingabokis -> Eiríkur Jónsson, bóndi á Núpi, f. 1621; *Manntal á Íslandi*, bls. 246.

⁵⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, bls. 28, 53-54, 60–61; *ÞÍ*. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 14–15, 19.

sér jarðir náinna ættingja til að koma skepnum sínum í fóður á öðrum jörðum. Jón á Þverá var einnig með fé á þeim jörðum sem hann átti eða var umboðsmaður fyrir.⁶⁰

29 vinnuhjú áttu fé hjá 22 ábúendum. Flest þeirra áttu einn til tvo sauði eða ær en sex vinnukonur og ráðskonur áttu allt að 14 kindur og tvo hesta. Ekkert þeirra átti kýr. Tvær ráðskonur, Gunnhildur Bjarnadóttir á Aðalbóli og Ingunn Jónsdóttir á Staðarbakka, áttu bæði skepnur þar sem þær störfuðu en einnig á öðrum bæjum.⁶¹ Hluti af launum vinnufólksins hefur verið fóðrið sem skepnurnar fengu en líklega hefur meiriparturinn verið á hagagöngu. Áhugavert var að vinnukonan Ingibjörg Björnsdóttir á Söndum var með í láni eina á frá vinnukonu á Melstað.⁶² Hver ástæðan var fyrir því er óljós en hún hefur þurft að bera ábyrgð á henni líkt og lögin kváðu á um og líklega fætt hana að einhverju leyti með heyi, sérstaklega ef veturinn var harður.

Tveir prestar, séra Páll Jónsson á Melstað og séra Jón Bjarnason á Staðarbakka, áttu skepnur hjá 43 ábúendum í hreppnum. Jón var með skepnur bæði í Staðarbakka- og Efri-Núpskirkjusókn.⁶³ Hjá flestum var um að ræða einn veturgamlan sauð eða gemling sem hafa líklega verið heytollur. Aðeins á býlinu Litla-Bakka var skráð þó heytollslamb. Á sex jörðum voru fleiri skepnur frá prestunum. Þrjár þessara jarða voru í eigu Staðarbakkakirkju, tvær Melstaðarkirkju og ein séra Páls. Sem dæmi þá var kvíga í fóðri frá Staðarbakka á Króksstað en hún var ekki hluti af kúgildinu. Þrír aðrir einstaklingar með forræði yfir jörðum í hreppnum áttu fóðurfé á þeim.⁶⁴ Mögulega hafa þeir gert tímabundinn samning við ábúandann um fóðrunina en engar fóðurkvaðir voru skráðar á bæina í jarðabókinni. Þó er ekki hægt að útiloka að ábúendurnir hafi ekki haft neinn annan valmöguleika en að taka við fénu. Hér gæti tíminn á milli skráningar kvikfjártalsins og jarðabókarinnar haft áhrif á þær upplýsingar sem við höfum.

Í töflu 6 eru tíu einstaklingar og fjórar jarðir innan Miðfjarðarhrepps sem áttu fé á öðrum býlum innan hreppsins. Hjá flestum voru þetta einn sauður eða á. Jón Gunnlaugsson á Neðri-Torfustöðum og Ingjaldur Sigurðsson skáru sig þar úr. Jón átti fé á fjórum jörðum, flest sauðir en eina kú. Ingjaldur var veikur maður sem í manntalinu var talinn með fátækum í hreppnum. Hann átti hest í hagagöngu á Neðri-Torfustöðum og sauð

⁶⁰ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 12–13, 15; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 57, 60–61, 66, 68.

⁶¹ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 10–11, 20; *Manntal á Íslandi*, bls. 248. Gunnhildur var titluð vinnukona í kvikfjártalinu en ráðskona í manntalinu.

⁶² Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 19.

⁶³ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 275–278.

⁶⁴ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 11–12, 14, 16–19, 21; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 30, 37, 42–43, 45, 48–51, 66, 71.

í fódri á Barkastöðum. Ekki tókst að tengja þá né hina við ábúendur býlanna en mögulega hefur fé Ingjalds verið sett niður þar sem hægt var. Jörðin Speni var skráð með fé hjá þremur ábúendum en ekki er hægt að vita fyrir víst hver á jörðinni átti féð.⁶⁵ Erfitt er að álykta hver ástæða fódrunar eða hagagöngu þessa fjár var innan hreppsins. Hugsanlega voru það skuldir og greiðslur fyrir þjónustu og vörur eða vegna landþrengsla.

Sjö einstaklingar og ein jörð utan hreppsins áttu skepnur hjá sjö ábúendum. Tveir þeirra voru titlaðir lausamenn en þriðji lausamaðurinn var skráður undir *fjölskyldutengsl* þar sem hann átti fé hjá bróður sínum. Hinir hafa líklega einnig verið lausamenn en þeir voru allir staðsettir í Snæfellsnessýslu. Að lokum voru þeir Tindur Jónsson og Þórarinn Magnússon en ekki tókst að staðsetja þá.⁶⁶ Ástæður fyrir fódrun og hagagöngu skepna þessara einstaklinga á þessum bæjum eru óljósar. Mögulega hafa lausamennirnir farið á sjó og komið aftur í hreppinn til að vinna á sumrin og greiddu þannig fyrir fódrun skepnanna.

Landskuldin á 23 jörðum í jarðabókinni var borguð með öllum gildum landaurum eða flytjandi landaurum sem gat þá að hluta til verið í fódri. Á tveimur jörðum var borgað með öllu því sem ábúandinn gat hverju sinni. Átta jarðir greiddu að hluta til með allt að 20 álna fódri sem var á Reynhólum fjögur lambsfóður en á Torfustöðum var þakið fyrir fódrið sett í 20 álnir annað hvert ár.⁶⁷ Hugsanlega hefur fódrun skepna jarðeigandanna verið fyrir landskuldinni.

Hér var töluvert meira um skepnur í fódrun eða hagagöngu en í Seltjarnarneshreppi. Helsta ástæða fódrunar hér, eins og í Seltjarnarneshreppi, voru skepnur vinnufólks sem hefur verið fódrað sem hluti af launum þeirra. Í Miðfjarðarhreppi voru gjöld til presta einnig áberandi. Töluvert var um ættartengsl, bæði barna ábúendanna en einnig úr stórfjölskyldunni. Hér var þónokkuð um fé jarðeiganda sem var þó ekki hægt að útskýra með fódurkvöðum en gætu mögulega verið landskuldarfóður.

⁶⁵ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 9–11, 15, 17, 21; *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 251.

⁶⁶ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Húnavatnssýsla – Miðfjarðarhreppur, bls. 8, 10, 13–17, 21.

⁶⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, bls. 38, 57.

5 Ástæður fyrir fóðrun fyrir aðra

Margar ástæður gátu verið fyrir því að bændur væru með skepnur í fóðri fyrir aðra en kjarnafjölskylduna. Út frá kvikfjártalinu og öðrum samtímaheimildum má álykta að fjórar meginástæður hafi verið fyrir búfjárfóðrun fyrir aðra. Í fyrsta lagi var algengt að landeigendur legðu fóðurkvaðir á leiguliða sína, þar með talið í formi ítaka á kirkjujörðum. Þá tíðkaðist að greiða landeigendum landskuld og kúgildaleigur í formi fénaðarfóðra. Í þriðja lagi var heytollur jafnan greiddur með því að fóðra fé fyrir prestinn. Í fjórða lagi var allnokkuð um það að kaup vinnufólks væri borgað í fóðrun fjár. Loks fékk húsfolk sem enga grasnyt hafði aðgang að hagagöngu fyrir skepnur sínar. Hér á eftir er rætt um hverja þessara ástæðna fyrir sig og í lokin er lagt mat á hverjar þeirra hafi haft mest að segja.

5.1 Kvaðir

Fóðurkvaðir voru gjald fyrir ábúð jarðar til viðbótar við landskuld og kúgildaleigur, og gengu út á að fóðra ákveðinn fjölda af skepnum fyrir jarðeigandann.⁶⁸ Skepnurnar voru reknar til viðkomandi ábúenda hvort sem þeim líkaði það eður ei. Ef heybrestur varð gat komið upp sú staða að bóndinn þyrfti að slátra sínu eigin fé til að halda uppi fé jarðeigandans.⁶⁹ Hægt er að finna fóðurkvaðir aftur til ársins 1313 í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs en eftir siðaskiptin komust æ fleiri jarðir undir hirðstjóra og umboðsmenn á Bessastöðum, þá einkum jarðir við sjó. Þetta leiddi til þess að kvaðir almennt á jörðum undir þeirra stjórn jukust á sautjándu og átjándu öldinni en minna var um fóðurkvaðir.⁷⁰

Fóðurvöðum í jarðabókinni má skipta í fjóra flokka og þá eru heyhestar fyrir fálkana ekki teknir með. Fyrsti flokkurinn er fóðrun á hestum Bessastaðamanna á ferðalagi þeirra. Annar flokkurinn er lambsfóður fyrir jarðeigendur eða húsbóndann þar sem landsetanum bar að taka eitt eða fleiri lömb í fóður. Þriðji flokkurinn er almennt fóður fyrir sömu aðila sem gat verið mismikið á milli ára, allt frá lömbum til nautpenings eða hests. Fjórði flokkurinn er hagaganga fyrir sömu aðila.

Magnús K. Hannesson rannsakaði í ritgerð sinni, *Kvaðir á Íslandi í upphafi 18. aldar*, þær kvaðir sem voru við lýði þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu jarðabókina. Í þeirri rannsókn komst hann að því að engar fóðurkvaðir voru á

⁶⁸ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands III*, bls. 58–59, 63.

⁶⁹ Jón Jónsson, „Fæstebondens kår på Island i det 18. århundrede“, bls. 600.

⁷⁰ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands III*, bls. 60; *Íslenskt fornbréfasafn II*, bls. 377.

biskupsstólunum og aðeins á einni gamalli klaustursjörð; Þingeyrum. Þær voru hins vegar „talsvert útbreiddar“ á konungsjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.⁷¹

Í töflu 7 er búið að taka saman allar fódurkvaðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í Gullbringusýslu voru 27 landsetar af 377 með fódurkvaðir. Fjórir þeirra fódruðu hesta Bessastaðamanna og 23 voru með lambsfóður. Í Kjósarsýslu voru 59 landsetar af 192 með fódurkvaðir; tíu með lambsfóður, 47 með almennt fódur og tveir með hagagöngu. Töluverður munur er á þessum sýslum en talsvert fleiri voru með fódurkvaðir í Kjósarsýslunni. Ein helsta ástæðan er sennilega sú að 201 af landsetunum í Gullbringusýslu voru hjáleigumenn með lítinn eða engan fjárbúskap en aðeins 36 í Kjósarsýslu þar sem landbúnaður var miklu almennari.⁷² Af þeim 86 landsetum sem voru

Tafla 7. Býli með fódurkvaðir frá jarðeigendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

	Hestar Bessastaða	Lambsfóður	Almennt fóður	Hagaganga	Fjöldi landseta ⁷³	Hlutfall
Gullbringusýsla						
með fódurkvaðir	4	23	0	0	27	7,2%
án fódurkvaða					377	
Kjósarsýsla						
með fódurkvaðir	0	10	47	2	59	30,7%
án fódurkvaða					192	

Heimild: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III.*

með fódurkvaðir í sýslunum tveim voru aðeins tveir hjáleigumenn, annar á Lambhaga í Álfanesshreppi og hinn á Urðarkoti í Kjalarneshreppi. Fódurkvöðin á Urðarkoti var í raun fódurkvöð heimajarðarinnar Álfsness. Höfðu ábúendur heimajarðarinnar síðastliðin tvö ár kallað til fódurkvaðar á Urðarkoti í nafni þeirrar sem var frá Bessastaðamönnum á heimajörðinni Álfsnesi. Hafði það verið lambsfóður árið 1702 og árinu áður var það skóleður úr kýrskinni.⁷⁴ Þessir 86 landsetar sem voru með fódurkvaðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu voru á 59 jörðum, 44 í konungseign, þrjár í sameign konungs og í einkaeigu, sjö konungseignir í leigu, tvær í kirkjueign og þrjár í einkaeign. Á þeim jörðum sem voru í sameign voru fódurkvaðir á tveimur þeirra á konungsparti og á einni á einkaeiguhluta hennar. Enginn jarðareigandi var skráður með í fódri hjá þessum landsetum í

⁷¹ Magnús K. Hannesson, Kvaðir á Íslandi í upphafi 18. aldar, bls. 44.

⁷² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III.*

⁷³ Landsetar á lögbyllum, háflendum og hjáleigum.

⁷⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 334 neðanmáls.

kvikfjártalinu. Ef fóðurkvaðirnar hafa verið virkar þá annað hvort hafa skepnurnar verið taldar hjá eiganda sínum eða þær verið inn í upptalningu eignarskepna landsetanna.

Þar sem voru fleiri en einn ábúandi á jörðu þá gátu verið mismunandi kvaðir á hverjum og einum. Kvaðirnar voru því ekki á jörðinni heldur á hverju býli fyrir sig.⁷⁵ Það hefur þó ekki verið alveg svo einfalt því fjöldi fóðurskepna gat breyst eftir fjölda landseta. Sem dæmi þá var aðeins eitt lambsfóður á Hvammskoti í Seltjarnarneshreppi ef aðeins einn ábúandi var þar en tvö ef þeir voru tveir og á Vatnsenda í sama hreppi voru tvö lambsfóður hvort sem ábúendurnir voru einn eða tveir.⁷⁶ Í Álftaneshreppi í Gullbringusýslu var á sex býlum tekið fram að fóðurkvaðirnar hafi fyrst byrjað á árunum 1700 til 1702. Á þrem þeirra var gefið til kynna að ábúendurnir hafi litið á fóðrið sem kvöð þar sem þeir höfðu ekki fengið borgað fyrir það.⁷⁷ Það gæti gefið til kynna að fóðrunin hafi ekki verið sett í kvaðarnafni þó hún hafi í eðli sínu verið kvöð og flokkist þannig í jarðabókinni. Á nokkrum jörðum var nefnt að kvaðirnar hefðu verið meðgjafarlausar, eins og það hafi ekki verið sjálfsagt. Á þremur jörðum kom fram að það var meðgjöf með því sem var flokkað sem kvöð. Sem dæmi þá fékk ábúandinn á Gröf í Kjalarneshreppi fjórðung smjörs fyrir hagagöngu- og aðgæslukvöð.⁷⁸ Mögulega þótti það eðlilegt í einhverjum tilvikum að það fylgdi meðgjöf með kvöðum en kvöðin sjálf verið fólgin í því að ábúendur gátu ekki neitað að taka við skepnunum. Ábúendurnir sem fóðruðu hesta Bessastaðamanna kvörtuðu undan þyngslum kvaðanna, sérstaklega þegar heyskortur var. Á Brunnastöðum í Vatnsleysustrandarhreppi hafði kostnaðurinn við þessa kvöð ekki verið greiddur síðan Kristofer Heidemann landfógeti hætti árið 1693. Sumir virðast þó hafa verið heppnari en á Mýdal í Kjósarhreppi var fóðurskvaðin á einkaeigupartinum aðeins heimt ef hún var bóndanum skaðlaus.⁷⁹

Í MA-ritgerð sinni rannsakaði Óskar Guðlaugsson kvaðir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Hann skilgreindi fóðurkvaðir þar sem „að skepna í eigu landsdrottins var hýst og fóðruð af ábúanda yfir vetur.“ og tók með þeim þar sem ábúandi átti að „halda ákveðnar skepnur landsdrottins í haga eða reka þær.“ Af öllum jörðum í jarðabókinni sem voru með kvaðir fann hann fóðurkvaðir á 51 jörð eða á 4,9%.⁸⁰ Mismuninn á okkar tölum má skýra þannig að Óskar miðaði við árið 1703 og taldi því

⁷⁵ *Lbs.-Hbs.* Óskar Guðlaugsson, Í kvaðar nafni, bls. 15.

⁷⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 277, 279.

⁷⁷ Sem dæmi: Sama heimild, bls. 160 (Ottarstaðir).

⁷⁸ Sama heimild, bls. 339–340.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 112, 124, 386.

⁸⁰ *Lbs.-Hbs.* Óskar Guðlaugsson, Í kvaðar nafni, bls. 45.

ekki þær kvaðir sem voru ekki kallaðar það árið. Í Kjósarsýslu hafði ekki verið kallað eftir fódurkvöðinni á 22 jörðum síðastliðin 1–2 ár, s.s. eftir að Páll Beyer tók við sem umboðsmaður konungs. Á einni þessara jarða hafði ekki verið kallað eftir kvöðinni í þrjú ár, á annarri aðeins einu sinni á síðustu tíu árum og á hinni þriðju í þrjú ár vegna þess að ábúandinn hafði tekið við jörðinni með slæmum húsum. Á engum þessara jarða er þó sérstaklega tekið fram að kvöðin sé ekki lengur á jörðinni, aðeins að landeigandinn hafi ekki nýtt sér hana í ákveðinn tíma. Ég taldi því allar fódurkvaðir þar sem ekki var tekið fram að þær voru ekki lengur í gildi. Ábúandinn hefur þurft að vera viðbúinn að taka við skepnum til fódurs ef jarðeigandinn ákvað að nýta sér kvöðina.

Þegar jarðabókin var skráð voru fódurkvaðir langalgengastar í Gullbringu- og Kjósarsýslu en fundust á fleiri stöðum á landinu. Sem dæmi þá var lambsfóður á Saurbæ í Villingaholtshreppi í Árnessýslu, hagaganga á Kóngsbakka í Snæfellsnessýslu og á Magnússkógum í Dalasýslu en þessar þrjár jarðir voru allar í einkaeigu.⁸¹ Samkvæmt rannsókn Óskars Guðlaugssonar var einnig að finna fódurkvaðir í Rangárvallasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu.⁸²

Eitt form af kvöð gat verið ítak sem kirkjujörð átti í örðum jörðum, þar á meðal beitarítök. Það hefur haft þau áhrif að ábúandi þeirrar jarðar hafði minna beitarland fyrir sig þegar þau ítök voru nýtt. Aðeins ein jörð í Gullbringu- og Kjósarsýslu var með eiginlegt beitarítak, Arnarhóll í Seltjarnarneshreppi.⁸³

5.2 Landskuld

Landskuld var það gjald sem landsetinn borgaði fyrir leiguna á jörðinni. Hún var borguð á ýmsa vegu og helst í því sem hentaði hverju svæði fyrir sig. Á sjávarjörðum var algengt að borga í fiski en á sveitajörðum í ull, vaðmáli, smjöri, skepnum, fódri og vallarslætti.⁸⁴ Sem dæmi þá var landskuldin á Uppsölum í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu borguð með fiski en á Ægisíðu í Vestarahópshreppi í Húnavatnssýslu var hún borguð með fódrun á kýr eða átta lamba, vaðmáli, sauðum og fiski.⁸⁵ Oft er tekið fram í jarðabókinni að landskuldin eigi að vera borguð „í öllum gildum landaurum“ eða í því sem landsetinn

⁸¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II*, bls. 160; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 328–329; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 83.

⁸² *Lbs.-Hbs.* Óskar Guðlaugsson, Í kvaðar nafni, bls. 47.

⁸³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 268.

⁸⁴ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands III*, bls. 43. Ásamt ótal mörgum dæmum í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III* og VIII.

⁸⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 58; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, bls. 174–175.

gat borgað með hverju sinni. Í einhverra þeirra tilfella virðast Árni og Páll hafa sleppt því að telja upp í smáatriðum hvernig landskuldin var borguð. Dæmi um þetta er jörðin Hlaðgerðarkot í Mosfellssveit í Kjósarsýslu en í jarðabókinni átti landskuldin að greiðast „með landaurum í hvörju sem ábúandi getur.“ en í jarðabókarbréfi frá 13. júní 1703, skrifað af Einari Ísleifssyni eiganda jarðarinnar, kemur fram að síðustu þrjú ár hefði hún verið borguð að hluta til í fódri og „í öðru aðskiljanlegu fornu og lösnu búsgagni,“.⁸⁶ Það er því ljóst að ekki er tekið nákvæmlega fram á öllum jörðum í jarðabókinni hvernig landskuldin var borguð.

Eitt er víst, að hægt var að borga landskuldina með fódri og eru mörg dæmi þess efnis í jarðabókunum. Það hefur þó líklega farið eftir þörfum landsdrottins og mögulega að einhverju leyti eftir getu landsetans þó það hafi ekki endilega alltaf verið tekið með í reikninginn.

5.3 Kúgildaleigur

Efnamenn fjárfestu aðallega í jörðum og málnytu, þ.e. mjólkandi kúm og ám. Málnytan var svo leigð út í kúgildum til bænda og gátu eigendur þeirra þannig fengið arð af þeim.⁸⁷ Kúgildi var verðgildi einnar kýr. Hún var fullgild samkvæmt Jónsbók „átta vetra gömul og eigi yngri en að öðrum vetri og hafi borið tvo kálfa, heil og heilspenuð, og hafi kelt um veturinn eftir Pálsmessu, eigi verri en meðalkýr, héraðræk að fardögum“. Að sama skapi töldust til kúgildis sex ær „tvær tvævetrar og fjórar gamlar, og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar að fardögum“, 12 veturgamlir sauðir og hestur „fjögurra vetra gamall og eigi ellri en tíu vetra, heill og lastalaus“.⁸⁸ Leigukúgildið var allajafna kýr eða ær þar sem það gaf mest af sér, s.s. mjólk og afkvæmi.

Þegar kvikfjártalið var skráð þá fylgdu langflestu kúgildin með jörðunum. Dæmi eru að vinnufólk leigði húsbændum sínum kúgildi en ábúandinn á Hellirskoti í Mosfellssveit í Kjósarsýslu leigði kýr af matselju sinni.⁸⁹ Leigan fyrir hvert málnytukúgildi átti ekki að vera meiri en „tveimur fjóðrungum smjörs eður ala fjögur lömb eftir kúgildi, og ábyrgist sem fúlgufé.“ eða greiða 20 álnir vaðmáls⁹⁰ Greiðslufyrirkomulagið hefur þó eitthvað verið frjálsslegra, að minnsta kosti í byrjun átjándu aldar, þar sem víða í jarðabókinni fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu er kúgildið

⁸⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 76–77.

⁸⁷ Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* III, bls. 45; Sigurður Þórólfsson, „Búfje á Íslandi til forna“, bls. 227.

⁸⁸ *Jónsbók*, bls. 212–213.

⁸⁹ Þf. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Gullbringu- og Kjósarsýsla – Mosfellssveit, bls. 71.

⁹⁰ *Jónsbók*, bls. 218; Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* III, bls. 46.

borgað með fiski.⁹¹ Samkvæmt Jónsbók átti leiguliðinn að ábyrgjast leiguféð „nema við bráðasótt og lungnasótt, kelfing eður lambburð, aldri eður lýstur reið“ og átti að borga skepnuna að fullu ef hún dó á hans ábyrgð.⁹² Kúgildin hafa því átt forgang til fódurs sem gat íþyngt bændum, séstaklega í hallærum.

5.4 Heytollur/þingatollur

Heytollur eða þingatollur, var sóknarmannagjald. Upphaflega hafði hann verið ætlaður sem hey fyrir hest prestsins svo hann gæti sinnt sínum skyldum.⁹³ Hans er getið víða í kvikfjártalinu en ekki var alltaf tekið fram að um heytoll væri að ræða. Enginn heytollur er skráður í Reykholtshreppi í Borgarfjarðarsýslu en eins og sést á töflu 8 þá voru 12 landsetar af 36 landsetum með eitt lamb hver í eigu prests. Það er mjög líklega heytollurinn. Annað dæmi er Staðarhreppur í Snæfellsnessýslu en þar voru 37 landsetar af 78 með heytoll.

Tafla 8. Fjöldi landseta með heytoll í Reykholtshreppi og Staðarhreppi.

	Fjöldi landseta	Fjöldi landseta með heytoll	Hlutfall
Reykholtshreppur	36	12	33,3%
Staðarhreppur	78	37	47,4%

Heimild: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Borgarfjarðarsýsla og Snæfellsnessýsla.

Heytollurinn er bæði skráður sem lamb og veturgamall sauður í kvikfjártalinu. Ekki þarf þó að vera að hann hafi einskorðast eingöngu við það en í bréfi til Landsnefndarinnar fyrri úr Villingaholtshreppi í Árnessýslu var kvartað undan því að „í heytoll 10 fiska þegar betalað er, en nú er settur nautpeningur, kýr í mánuð, kálfar og veturgömull naut 7 vikur“.⁹⁴ Líklega hefur það verið byrjað fyrir að senda stærri skepnur í

⁹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III.

⁹² Jónsbók, bls. 218.

⁹³ Þórhallur Bjarnarson, „Íslenzkt fornbréfasafn.“, bls. 54.

⁹⁴ Landsnefndin fyrri I, bls. 645.

fóður. Á Borg í Stafholtstungnahreppi í Mýrarsýslu var hestur prests og kýr sem „hafa fóðrast á heitollum og heye til feingnu af annars manns jördu“.⁹⁵ Heytollurinn var ekki endilega greiddur með fóðri, heldur var hægt að borga hann með heyi og öðrum vörum eða gjaldmiðli.

5.5 Laun

Einstaklingar sem höfðu ekki jarðnæði til umráða þurftu á einhvern hátt að koma skepnum sínum í fóður. Í flestum tilvikum hefur sennilega verið um að ræða vinnufólk sem samdi við húsbónda um fá greidd vinnulaun að hluta eða öllu leyti í fénaðarfóðrun.⁹⁶ Kvikfjártalið sýnir að ekki var óalgengt að vinnufólk átti fé. En þó langt í frá að meirihluti þeirra hafði fé. Sem dæmi þá voru skepnur skráðar á 36 vinnumenn og vinnukonur í Borgarfjarðarsýslu í kvikfjártalinu af samtals 375 vinnuhjúum í sýslunni.⁹⁷ Oft var aðeins um einn sauð eða eina á að ræða en stundum átti vinnufólkið nokkrar skepnur. Vinnufólk með eigin skepnur þýddi að bóndinn hefur þurft að leyfa þeim hagagöngu. Þetta gat því haft mikið að segja fyrir fátæka bændur að eyða fóðri og haga í skepnur vinnufólks síns.

Húsmenn eða húsfólk er annar hópur sem ýmist borgaði landsetanum leigu fyrir grasnyt eða fékk að hafa fé sitt í hagagöngu hjá ábúandanum. Þegar kvikfjártalið og jarðabókin eru bornar saman kemur í ljós að hugtakið húsfólk/húsmaður/húskona gat verið fljótandi þar sem bændur á hjáleigum gátu einnig verið skilgreindir sem húsmenn. Í Borgarfjarðarsýslu voru fjórir húsmenn með skepnur af 32 sem voru skráðir í sýslunni.⁹⁸

Að lokum voru það lausamenn sem sumir áttu skepnur á víð og dreif um sveitir. Þeir voru mun frjálsari en vinnufólkið þar sem þeir réðu sig í kaupvinnu en voru ekki með fasta búsetu. Lausamenn hafa borgað fyrir fóður og hagagöngu með vörum eða vinnu.

5.6 Aðrar ástæður

Enn ein ástæða fyrir að taka fé í fóður eða hagagöngu fyrir aðra gat verið ættartengsl þar sem í hlut áttu ýmist fullvaxta börn ábúandans eða aðrir í stórfjölskyldunni. Sveitin eða fátækir gátu einnig átt skepnur sem voru settar á landsetana. Dæmi um það voru tvö hross „sem sveytar mönnum tilheyra vegna fátækra“ á Mýrum í Skriðdal í Suður-Múlasýslu. Þessi hross hafa orðið eign sveitarinnar líklega eftir að fátækir eigendur þeirra voru upp

⁹⁵ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Mýrarsýsla – Stafholtstungnahreppur, bls. 51.

⁹⁶ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 35.

⁹⁷ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Borgarfjarðarsýsla; *Manntal á Íslandi*, bls. 43–65.

⁹⁸ Sömu heimildir.

á sveitina komnir.⁹⁹ Einnig er dómur frá 1699 í Vestmannaeyjum þar sem naut sveitarinnar átti að fara á milli bæja í fódun.¹⁰⁰ Skuldir almennt var hægt að borga með fódun. Erfitt væri þó að rekja það nema ef um skuld við kaupmanninn var að ræða. Á nokkrum býlum í Gullbringu- og Kjósarsýslu kom fram í jarðabókinni að ábúendur þurftu að koma fé sínu annað til beitar vegna landþrengsla. Einstaklingar gátu borgað nágranna sínum fyrir að taka fé sitt í vetrarþeir eða jafnvel í fódun. Vinatengsl er ekki hægt að útiloka en erfitt að sanna nema það beinlínis komi fram. Dæmi var í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu að landskuld og kvaðir voru lögð niður hjá afbýlismanni vegna „náúngasemi“.¹⁰¹

Í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu voru 24 ábúendur af 36 með skepnur í fódri eða hagagöngu fyrir aðra. Í töflu 9 er búið að taka saman hversu margir ábúendur í hreppnum voru með skepnur af þeim ástæðum sem komu fram hér að ofan. Hjá tveimur ábúendum voru skepnur frá stórfjölskyldu þeirra. Átta voru með skepnur vinnufólks síns, ein í eigu húsfólks og einn frá heimilisfólki. Einn lausamaður og einn prestur voru skráðir með fé og jarðeigendur áttu fé hjá fimm ábúendum. Hér, eins og var bæði í Seltjarnarneshreppi og Miðfjarðarhreppi, voru algengustu fódurskepnurnar frá vinnufólki en næst þar á eftir skepnur jarðeiganda.

Tafla 9. Fódun í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Ástæður fyrir fódri	Fjöldi ábúenda	Hlutfall
Ættartengsl	3	12,5%
Heytollur	0	0,0%
Vinnufólk	8	33,3%
Húsfólk	1	4,2%
Heimilisfólk	1	4,2%
Lausamenn	1	4,2%
Landskuldarfóður	0	0,0%
Prestar	1	4,2%
Jarðeigandi	5	20,8%
Heildar ábúendur með í fódri	24	

Heimild: ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Borgarfjarðarsýsla – Andakílshreppur, bls. 16–27.

⁹⁹ ÞÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, Suður-Múlasýsla – Skriðdalur, bls. 24.

¹⁰⁰ *Alþingisbækur Íslands IX*, bls. 101–102.

¹⁰¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*, bls. 255.

6 Niðurstöður

Kvikfjártalið 1703 veitir merkilega innsýn í búskaparhætti á Íslandi í upphafi 18. aldar. Í því eru einstakar upplýsingar um þá venju að vera með fé annarra í fódri eða hagagöngu. Fóðrun annarra manna fjár gat verið bændum tekjulind en oft gat hún þó þrengt nokkuð að bændum. Hey og hagar voru verðmæti sem nýtt voru til að borga skuldir og álögur hvort sem það var skuld við nágrannann eða landskuld á jörðinni. Á suðvesturhorninu og á nokkrum öðrum stöðum um landið voru fódurkvaðir sem landsdrottinn nýttu sér einnig þegar á þurfti.

Að vera með fódurskepnur var algengt víðast hvar á landinu. Það gat þó verið misjafnt eftir staðsetningu og viðværi einstaklinganna á svæðinu. Ekki munaði mjög miklu á milli fjölda ábúenda með fódurskepnur í Barðastrandarsýslu og Borgarfjarðarsýslu en í þeirri fyrri voru það 40,7% ábúenda og þeirri seinni 53,9%. Einstakir hreppir gátu þó farið í sitt hvora áttina eins og Skorradalshreppur þar sem 15,4% ábúenda voru með fódurskepnur og Reykholtisdalshreppur með 91,7%.

Þegar Seltjarnarneshreppur og Miðfjarðarhreppur eru bornir saman þá kemur á óvart hversu mikill munur er á fjölda ábúenda með fódurpening. Nánast allir ábúendur í Miðfjarðarhreppi voru með aðkomufé í fóðrun eða 91,9% á meðan aðeins 11 ábúendur eða 13,4% í Seltjarnarneshreppi fódruðu fyrir aðra. Helsta ástæðan fyrir þessum mun er líklega eðli hreppanna. Miðfjarðarhreppur var sveitarhreppur þar sem landbúnaður réð ríkjum á meðan sjómennskan var meiri í Seltjarnarneshreppi.

Kvikfjártalið og samtímaheimildir gefa góðar vísbendingar um ástæður fyrir útbreiðslu fénaðarfóðrunar fyrir aðra. Algengastu ástæðurnar voru gjöld, leigur og skuldir til jarðeigenda og presta. Hér er t.d. um að ræða landskuldina en líklega er að hún hafi verið borguð með fódri í sveitunum og svo heytollurinn sem virðist þó stundum algjörlega vanta líkt og á Seltjarnarnesi. Þar á eftir komu laun til vinnufólks en sumt þeirra gat verið búið að safna sér þónokkru af skepnum. Ættartengsl voru líka áberandi, algengt var að heimilisfólkið væri skylt en einnig áttu skyldmennir sem voru skráð annars staðar þar fé. Ekki er hægt að sjá af hverju fé nágranna var í fódri eða hagagöngu en helstu tilgátur eru skuldir eða að þjónustan hafi verið keypt. Landþrengsli og of margt fódurfé, líkt og í tilfelli Vatnsenda og á Litla-Skildinganesi í Seltjarnarneshreppi, gat leitt til þess að bændur keyptu beit hjá nágrönnum sínum. Á stöku stað er getið um „náungasemi“ sem ástæður fyrir að fella niður gjöld og kvaðir. En vináttutengsl eru því miður ekki svo

vandlega skráð í heimildunum. Mjög líklega eru mun meiri ættartengsl á milli einstaklinga en kemur hér fram og væri það verðugt rannsóknarverkefni.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn)

- Gunnar Örn Hannesson, *Kvikfjártalið 1703 í Grímsnesi*. BA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2006.
- Haraldur Sigurðsson, *Kvikfénaðartalið 1703 og bústofnsbreytingar í upphafi 18. aldar*. BA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1991.
- Óskar Guðlaugsson, *Í kvaðar nafni*. MA-ritgerð í landfræði við Háskóla Íslands, 2017, <http://hdl.handle.net/1946/28859>.

Magnús K. Hannesson, *Kvaðir á Íslandi í upphafi 18. aldar*. Einstaklingsverkefni í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2009.

PÍ. Vinnugögn kvikfjártalsins 1703, yfir allar sýslurnar.

Vinnugögn höfundar um kvikfjártalið 1703, unnin fyrir verkefnið *Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins - Fjölskylda og heimilisbúskapur í upphafi 18. aldar*, stýrt af Guðmundi Jónssyni prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Prentaðar heimildir

Alþingisbækur Íslands IX 1697-1710 (Sögufélag: Reykjavík 1957–1964).

Arne Magnusson, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*, Kr. Kålund gaf út (København: Gyldendal 1916).

Árni Björnsson, *Saga daganna* (Reykjavík: Mál og menning 2000).

Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstjórar Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson (Reykjavík: Hagstofa Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands), bls. 51–75.

Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi II* (Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands 2019).

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn II (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1893).

Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstjórar Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson (Reykjavík: Hagstofa Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands), bls. 9–30.

Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 1981).

Gunnar Marel Hinriksson, „Kópavogur í Seltjarnarneshreppi frá 1681 til 1729“, *Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs* (2008), bls. 273–321.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1918).

- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1923–1924).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1933).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1938).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1926).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII* (Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1990).
- Jón Espólín, *Íslands árbækur í sögu-formi VIII* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1829).
- Jón Jónsson, „Fæstebondens kår på Island i det 18. århundrede“, *Historisk Tidsskrift* 6:4 (1894), bls. 563–645. <https://tidsskrift.dk/historisktidsskrift/article/view/54619>. 14. desember 2019.
- Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578.* Már Jónsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004).
- Landsnefndin fyrri 1770–1771. Bréf frá almenningi I.* Ritsstjórar Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir (Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands 2016).
- Lovsamling for Island I*, Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson tóku saman (Kjöbenhavn: Andr. Fred. Höst 1853).
- Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924-1947).
- Már Jónsson, *Árni Magnússon ævisaga* (Reykjavík: Mál og menning 1998).
- Páll Vídalín, *Aldafarsbók Páls lögmanns Vídalíns 1700-1709* (Reykjavík: Sögufélag 1904).
- Sigurður Þórólfsson, „Búfje á Íslandi til forna“, *Búnaðarrit* 41:3-4 (1927), bls. 217–305.
- Þórhallur Bjarnarson, „Íslenzkt Fornbréfasafn“ *Nýtt kirkjublað* 2:5 (1907), bls. 53–55.
- Þorvaldur Thoroddsen, *Árferði á Íslandi í þúsund ár I* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag 1916-1917).
- Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands III* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1919).

Vefheimildir:

- Vef. Þjóðskjalasafn Íslands Dómabókagrunnur, <http://domabaekur.manntal.is/>, 1. nóvember 2019.
- Vef. Íslendingabók, <https://www.islendingabok.is/>, 1. desember 2019–1. janúar 2020.

Viðauki

Fylgiskjal 1 – Dagsetning kvikfjártals 1703 eftir hreppum tekið saman af höfundi

Sýsla	Hreppur	Fjöldi dagsetninga ¹⁰²	Skráning kvikfjártalsins
Norður-Múlasýsla	Skeggjastaðahreppur	1	23. maí 1703
	Vopnafjarðahreppur	2	31. maí - 5. júní 1703
	Jökuldalshreppur	2	29. - 30. maí 1703
	Tungu- og Fellnahreppur	2	30. maí - 11. júní 1703
Suður-Múlasýsla	Fljótsdalur	1	25. maí 1703
	Skriðdalur	2	4. júní 1703
	Reyðarfjarðahreppur	1	5. júní 1703
	Fáskrúðsfjarðahreppur	1	4. júní 1703
	Breiðdalur og Stöðvarfjörður	1	10. júní 1703
	Berufjarðarströnd	1	10. júní 1703
	Syðri Álftafjörður	1	4. júní 1703
Mið-Múlasýsla	Vallnahreppur	2	7. - 19. júní 1703
	Borgarfjarðahreppur		Engin dagsetning
	Loðmundarfjarðahreppur	2	21. maí 1703
	Seyðisfjarðahreppur	2	28. maí 1703
	Mjóafjarðahreppur	1	31. maí 1703
	Norðfjarðahreppur	2	16. maí 1703
Húnavatnssýsla	Staðahreppur	2	31. maí 1703
	Miðfjarðahreppur	2	6. júní 1703
	Kirkjuhvamms- og Vatnsneshreppur	2	6. júní 1703
	Þverárhreppur	2	30. maí 1703
	Víðidalshreppur	1	16. júní 1703
	Sveinsstaðahreppur	1	23. júní 1703
	Áshreppur		1703
	Torfalækjarhreppur	2	30. maí 1703
	Svínavatnshreppur	2	31. maí - 21. júní 1703
	Bólstaðahlíðahreppur	2	7. - 14. júní 1703
	Engihlíðahreppur	2	11. - 16. júní 1703
	Vindhælishreppur	2	4. júní 1703
Rangárvallasýsla	Eyjafjallasveit	1	5. júní 1703
	Vestur Landeyjar	2	1. júní 1703
	Hvolhreppur	1	31. maí 1703
	Holtamannahreppur	1	30. maí 1703
Eyjarfjarðarsýsla	Möðruvallaklaustur	1	8. maí 1704

¹⁰² Fjöldi dagsetninga gefur upp þann fjölda af dagsetningum sem var gefinn upp í kvikfjártalinu. Ef aðeins var ein dagsetning þá var hún yfirleitt annað hvort í byrjun hreppsins eða í lokin og því ekki hægt að vita hversu langan tíma tók að skrá kvikfjártalið. Ef aðeins ein dagsetning kemur fram í töflunni en fjöldi dagsetninga er skráður tveir þá var sama dagsetningin í byrjun og í lok hreppsins. Ef fjöldi dagsetninga voru fleiri en tveir þá hefur kvikfjártalið verið skráð á lengri tíma og líklega á mismunandi stöðum. Sjá á bls. 11 hér að framan.

Árnessýsla	Stokkseyrarhreppur	1	19. júní 1703
	Biskupstungur	2	1. júní 1703
	Grímsnes	2	30. maí 1703
Barðastrandarsýsla	Geiradalshreppur	2	11. júní 1703
	Reykhólahreppur	2	18. júní 1703
	Gufudalshreppur	2	12. - 22. júní 1703
	Eyjahreppur	1	27. júní 1703
	Múlahreppur	3	23. -28. júní 1703
	Barðastrandarhreppur	1	10. júní 1703
	Rauðasandshreppur	1	20. júní 1703
	Patreksfjörður	1	26. júní 1703
	Tálknafjarðarhreppur	2	26. júní 1703
	Selárdalur	2	20. júní 1703
	Suðurfjarðarsveit	1	22. júní 1703
Borgarfjarðarsýsla	Skilmannahreppur	1	1. júní 1703
	Skorradalshreppur	1	28. maí 1703
	Andakílshreppur		Fardagar 1703
	Syðri Reykjadalshreppur	2	1. júní 1703
	Reykholtisdalshreppur	2	30.maí - 4. júní 1703
	Ásasveit	1	6. júní 1703
Dalasýsla	Fellsstrandarhreppur	1	23. júní 1703
Gullbringusýsla	Grindavíkurhreppur	1	vor - 27. júní 1703
	Rosmhvalaneshreppur	2	1. júní - 2. júlí 1703
	Vatnsleysustrandarhreppur		júní 1703
	Seltjarnarneshreppur	2	30. maí 1703
Kjósarsýsla	Mosfellssveit	1	30. maí 1703
	Kjalarneshreppur	1	17. júní 1703
	Kjósarhreppur		Undir fardaga 1703
Ísafjarðarsýsla	Dýrafjarðarhreppur	3	30. maí - 25. júní 1703
	Súðavíkurhreppur	2	9. - 22. júní 1703
	Langadalsströnd	4	29. maí - 30. júní 1703
Mýrasýsla	Þverárhlíðarhreppur	1	1. júlí 1703
	Norðurárdalshreppur	1	17. júní 1703
	Stafholtstungnahreppur	2	9. - 26. júní 1703
	Borgarhreppur	1	1. júlí 1703
	Álftaneshreppur	1	2. júní 1703
	Hraunhreppur	1	2. júní 1703
Skagafjarðarsýsla	Skefilstaðahreppur	1	24. júní 1703
	Sauðárhreppur	1	4. júní 1703
	Hegraneshreppur	2	18. júní 1703
	Reynisnesstaðarhreppur	2	15. júní 1703
	Seiluhreppur	2	4. - 26. júní 1703
	Tungusveitarhreppur	2	7. júní 1703
	Blönduhlíðarhreppur	2	6. - 28. júní 1703
	Viðvíkurhreppur	1	24. júní 1703

Skagafjarðarsýsla	Höfðastrandarhreppur	1	12. júní 1703
	Sléttuhlíðarhreppur	1	17. júní 1703
	Fljótahreppur	2	3. - 17. júní 1703
Þingeyjarsýsla	Svalbarðsstrandarhreppur	3	21. maí - 16. júní 1703
	Grýtubakkahreppur	2	18. maí - 5. júní 1703
	Fnjóskadalshreppur	3	18. maí - 9. júní 1703
	Ljósavatnshreppur	3	20. - 30. maí 1703
	Reykjadalshreppur	2	4. júní 1703
	Skútustaðahreppur	4	11. júní - 4. júlí 1703
	Húsavíkurhreppur	2	19. maí - 2. júní 1703
	Kelduneshreppur	4	21. maí - 9. júní 1703
	Árlækjahreppur	3	18. maí - 16. júní 1703
	Preshólahreppur	2	19. - 23. maí 1703
	Svalbarðshreppur	2	19. maí 1703
	Langaneshreppur	1	18. maí 1703
	Vestur-Skaftafellssýsla	Kleifahreppur	4
Leiðvallarhreppur		2	5. júní 1703
Dyrhólahreppur		1	6. júní - 2. júlí 1703
Austur-Skaftafellssýsla		6	10. janúar - 29. júní 1703
Snæfellsnessýsla	Staðarsveit	1	7. júní 1703
	Staðarstaður	1	17. júní 1703
	Beriðuvíkursveit	3	9. júní 1703
Standasýsla	Tröllatunguhreppur	1	26. maí 1703
Vestmannaeyjar			1703